



SHALDÖR

skoðun 14

Úr íslenskum jurtum

Framleiða kryddsultur,
te og sýróp.

allt 4



ÖLDIN ÖLL

Ný bók í geysivinsælli ritröð

ÖLDIN OKKAR
1996–2000

www.forlagid.is



FRÉTTABLAÐIÐ

Priðjudagur

30. nóvember 2010

281. tölublað 10. árgangur

Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI



Kynngimögnuð tónlist

Blásarakvintett Reykjavíkur
leikur Kvöldlokk á jólafestu
í 30. sinn.

tímamót 18



Real slátrað á Nývangi

Barcelona vann 5-0 sigur
á Real Madrid í El Clasico-
leiknum í gærkvöldi.

sport 26



4BLS
BÆKLINGUR

STÓFULLUR AF
TÖLVU OG FRIÐA-
TILGJÖFUM Í DAG

TÖLVU TEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhóli 2 • 430 6900

veðrið í dag



BJART OG KALT EYSTRA í dag
verður víðast fremur hæg vestanált
en 8-13 m/s NV- og V-lands. Skýjað
og lítils háttar væta SV- og V-tíl en
annars víða bjart. Hiti 0-7 stig en
vægt frost eystra.

VEÐUR 4

Egill Arnason™

ÞÝSKAR
LOFTAÞILJUR

Verð frá kr. 1.990 m²

VIÐ ERUM FLUTT!

Við tökum vel á móti þér
í nýju versluninni okkar að
Suðurlandsbraut 20.

Suðurlandsbraut 20 | Sími: 595 0500

Meta á sameiningu skóla í Reykjavík

Reykjavíkurborg myndar starfshóp um endurskoðun skólamála. Metur kosti sameiningar grunnskóla, leikskóla og frístundaheimila í hverfum borgarinnar.

SKÓLAMÁL Hugmyndir eru uppi um að sameina leikskóla, grunnskóla og frístundaheimili innan hverfa Reykjavíkurborgar og hefur borgarstjóri skipað starfshóp til að greina tækifæri til endurskipulagningar. Litið verður bæði til fjárhagslegra og faglegra sjónarmiða, en meðal þess sem kemur til greina er að breyta mörkum skólahverfa til að jafna nemendafjölda milli skóla. Starfshópurinn, sem er undir forustu Oddnýjar Sturludóttur, formanns menntaráðs Reykjavíkur, mun skila af sér tillögum 1. febrúar

næstkomandi. Oddný segir í samtali við Fréttablaðið að þó að hún sjái mörg tækifæri til að hagræða og gera betur í þjónustu við börnin sé rétt að taka fram að ekki standi til að sameina alla skóla og öll frístundaheimili innan hvers hverfis. „Við gætum ef til vill sameinað tvo litla leikskóla í einu hverfi, leikskóla og grunnskóla í öðru og frístundaheimili og grunnskóla í enn öðru. Það er ekkert algilt því að þetta sameinaða form hentar alls ekki hvar sem er.“ Þessi leið hefur verið farin víða um land auk þess

sem Reykjavík rekur þegar einn skóla, Dalskóla, þar sem öll stigin eru undir sömu stjórn. Oddný leggur áherslu á að hvergi sé gert ráð fyrir að leggja af starfsemi. „Með meira samstarfi og samrekstri reynum við allt til að þurfa ekki að þjarma að starfi skólanna.“ Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, fulltrúi Sjálfstæðisflokks í starfshópnum, segist hlynnt hugmyndunum. „Við erum ánægð með að þessi tækifæri séu skoðuð í kjölinn áður en gengið er lengra í að skerða þjónustu við börn.“



TALIÐ Í ALLA NÓTT Vafaatkvæði í þúsundatali töfðu talningu eftir stjórnlagabingskosningarnar og verður ekki ljóst fyrr en í dag hvenær úrslit verða ljós. Starfsfólk kjörstjórnar gerði í gærkvöldi ráð fyrir að sitja í alla nótt til að fara yfir þau 10 þúsund atkvæði sem þurfti að skoða betur. Sjá síðu 2

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ríkisendurskoðun óskar eftir öllum gögnum um meðferðarheimili frá 1996: Jóhanna vill klára málið sem fyrst

STJÓRNSÝSLA Ríkisendurskoðun hefur þegar hafið athugun á samningum hins opinbera við meðferðarheimili og starfslokum þeirra. Tilefnið er umfjöllun Fréttablaðsins síðastliðna viku um þrjátíu milljóna króna uppgjör vegna starfsloka heimilisins Árbótar í Þingeyjarsýslu. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segist ekki hafa sett sig inn í málið. „Miðað við þann

blástur sem var í kringum þetta held ég að það sé affarasælast fyrir alla aðila að Ríkisendurskoðun fari ofan í þetta og klári það sem allra fyrst,“ segir Jóhanna. Ríkisendurskoðun hefur óskað eftir öllum gögnum, þar á meðal bréfa- og tölvupóstsamskiptum, um samninga við meðferðarheimili frá árinu 1996. Sveinn Arason ríkisendurskoðandi segir algjörlega óvíst hversu langan tíma

athuginin muni taka. Hann vilji því ekki slá á neinn tíma á þessari stundu. Félagsmálanefnd fundaði um málaflokkinn í gær. Á fundinn komu fulltrúar félagsmálaráðuneytisins, Árbótar og Götusmiðjunnar. Til stendur að Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, komi á fund nefndarinnar seinna í vikunni.

sh, th /sjá síðu 4

500g

www.ostahusid.is

Þetta er þetta

Pizza toppur

Rífindi góður á: pizzuna ofnréttinn pastaréttinn

MEIRA MAGN • BETRA VERÐ



Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP Penn Badgley og Shawn Pyfrom í góðum félagsskap í miðborg Reykjavíkur.

Penn Badgley:

Vinsæll hjá kvenfólkinu

FÓLK Slegist var um athygli þeirra Penn Badgley og Shawn Pyfrom, stjarnanna úr Gossip Girl og Aðþrengdum eiginkonum, þegar þeir skemmtu sér í miðborg Reykjavíkur um helgina. Penn og Shawn deildu með sér hamborgara á Vegamótum þar sem fjöldi stúlkna gerði sér far um að hitta þá. Margir kvenkyns aðdáendur gengu ansi langt í að fanga athygli þeirra og sumir biðu í þrjá tíma í röð fyrir utan skemmtistaðinn Austur í þeirri von um að fá að njóta nærveru leikaranna. Penn er nú farinn af landi brott en Shawn var yfir sig hrifinn af landi og þjóð og ákvað að dvelja hér aðeins lengur. - fgg, ka

Þreyta í skipuleggjendum:

Aldrei fór ég suður í óvissu

TÓNLIST Hugsanlegt er að ísfriska tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður hafi sungið sitt síðasta og verði ekki haldin um næstu páska. Ástæðan er þreyta sem er komin í mannskapinn sem hefur staðið að undirbúningnum undanfarin ár. „Það er komin mjög mikil þreyta í stóran hóp. Menn eru búnir að vinna í átta ár ókeypis,“ segir tónlistarmaðurinn Mugi-son, einn af skipuleggjendum sem eru um sjö talsins. „Marga langar að eiga stund með fjölskyldunni og vinum í fyrsta sinn bráðum í áratug.“ - fb / sjá síðu 30

Lokaátök seinni heimsstyrjaldarinnar!

ANTONY BEEVOE

D-DAGUR

ORRUSTAN UM NORMANDÍ

Innrásin í Normandí er framundan.



Grétar, eru fasteignasalar eldhressir með þetta?

„Já, þessi bæklingur fer eins og eldur í sinu á milli fasteignasala þessa dagana.“

Félag fasteignasala hefur dreift eldvarnarbæklingi til allra félagsmanna. Grétar Jónasson er formaður félagsins.

Medvedev sendir Ólafi bréf:

Rússar ítreka samstarfsáhuga

STJÓRNMÁL Dmitrí Medvedev Rússlandsforseti hefur ítrekað við Ólaf Ragnar Grímsson, forseta Íslands, áhuga sinn á samstarfi ríkja.

Sendiherra Rússlands á Íslandi, Andrei Tsyganov, afhenti Ólafi Ragnar bréf forsetans þar um í gær.

Í því er ítrekaður áhugi á aukinni samvinnu, með tilliti til nýsköpunar í orkumálum, nútímavæðingar, fjárfestingarverkefna og málefna norðurslóða.

Forsetarnir hittust í Rússlandi í september og ræddu ofangreind málefni, auk annarra.

- bps



ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON

Aðgerðir vegna skuldavandans:

Verið að gera úrslitatilraun

STJÓRNMÁL „Það er verið að gera úrslitatilraun til að ná saman. Þeir [bankarnir og lífeyrissjóðirnir] eru að skoða hugmyndir frá okkur og ég vonast eftir svári ekki seinna en á morgun [í dag],“ segir Jóhanna Sigurðardóttir forsetisráðherra um aðgerðir vegna skuldavanda heimilanna.

Hún kveðst telja mikilvægt fyrir alla aðila að sameiginleg niðurstaða fái stöð þess að hver fari í sína áttina. „Það er ekki síður til hagsbóta fyrir bankana og lífeyrissjóðina að við náum sanngjarnri niðurstöðu fyrir alla.“

Stjórnvöld fóru í gær yfir stöðuna með forystu stjórnarandstöðunnar.

Þrjár vikur eru síðan hópur sérfræðinga skilaði útreikningum um kostnað af ýmsum leiðum til lausnar á vandanum.

- bps

Samkomulag náðist í styrkamáli Reykjavíkurborgar og Golfklúbbs Reykjavíkur: Styrkir til GR lækka um 45 milljónir

REYKJAVÍK Golfklúbbur Reykjavíkur hefur fallist á að styrkveiting Reykjavíkurborgar til félagsins fyrir árin 2010 til 2013 verði lækkuð úr 230 milljónum króna í 185 milljónir.

Um það bil viku eftir að borgin gerði nýjan samning við GR í vor kom fram í gögnum frá framkvæmdastjóra golfklúbbsins, Garðari Eyland, að af 210 milljónum króna sem borgin hefði veitt klúbbum vegna tiltekinnar framkvæmda á árunum 2007 til 2009 hefðu 115 milljónir í raun ekki farið til framkvæmda heldur til að greiða niður lán í þann mund sem bankarnir hrundu. Þetta tóku þáverandi borgaryfirvöld óstínt upp og vildu taka samninginn upp. Nú er viðræðum um það lokið með fyrrgreindri niðurstöðu.

„Samningurinn sem var gerður í vor reyndist naglfastur en þeir sættust á að endurgreiða borginni tæplega helmings hlut af kostnaði vegna vélageymslu sem þeir eiga ennþá eftir að byggja,“ segir Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs. Hann kveður samninginn frá í vor hafa létt af öllum fyrri skuldbindingum golfklúbbsins. „Við



GARÐAR EYLAND Framkvæmdastjóri Golfklúbbs Reykjavíkur.

höfðum ekki beinlínis mikil lagaleg rök heldur fyrst og fremst siðferðileg. En það þurfti að klára málið og menn mættust á miðri leið,“ segir formaður borgarráðs.

- gar



KVÍABRYGGJA Í ljós hefur komið að fangar á Kvíabryggju voru með sjó farartæki af ýmsum toga.

Fangar með torfæruhjól á Kvíabryggju

Við skoðun fangelsisyrirvalda í fangelsinu á Kvíabryggju í lok síðustu viku fundust þrjú mótorkrosshjól, fjórhjól og þrír bílar í eigu fanga. Forstjóri Fangelsismálastofnunar segir þetta óheimilt og að tækin verði fjarlægð hið fyrsta.

FANGELSISMÁL Við skoðun sem fangelsismálayfirvöld gerðu á Kvíabryggju í lok síðustu viku kom í ljós að mótorkjól, bifreiðar og fjórhjól í eigu fanga hafa verið geymd í fangelsinu um eitthvert skeið. Hafa fangarnir haft tækin til umráða. Starfsmenn Ríkisendurskoðunar fóru að Kvíabryggju í gær, þar sem bókhald fangelsisins sætir nú rannsókn vegna gruns um fjárdrátt forstöðumannsins.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins eru tækin sem um ræðir þrjú mótorkrosshjól, eitt fjórhjól og þrír bílar. sem ekki er heimilt að hafa í fangelsinu.

Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar, staðfestir að þessi tæki hafi fundist við skoðun sem framkvæmd var í fangelsinu síðastliðinn fimmtudag og segir ekki heimilt að hafa þau í fangelsinu.

„Tækin verða fjarlægð þegar

í stað,“ segir hann. „Við leggjum þunga áherslu á að farið verði að einu og öllu eftir reglum er gilda í fangelsum landsins. Ég fundað með fangavörðum og föngum þar sem farið hefur verið yfir þessi mál.“

Forstöðumaður Kvíabryggju var í síðustu viku leystur frá störfum vegna gruns um að hann hefði misnotað aðstöðu sína með því að taka út varning í nafni fangelsisins til eigin nota. Grunur leikur á að meint misferli hafi átt sér stað um skeið, eftir því sem Fréttablaðið kemst næst, og að um talsverðar upphæðir gæti verið að ræða.

Það var Fangelsismálastofnun sem vakti athygli dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins á aðfinnslum sem hún hefur gert við fjárreiður og bókhald fangelsisins að Kvíabryggju. Ráðuneytið ræddi málið við forstöðumann

fangelsisins og óskaði hann í framhaldi af því að Ríkisendurskoðun yrði falið að fara yfir bókhaldið.

„Við erum byrjaðir að skoða málið og erum að heimsækja fangelsið fyrir vestan,“ segir Sveinn Arason ríkisendurskoðandi. „Við viljum sjá hvaða gögn eru á staðnum, eins og gerist þegar menn eru að rannsaka mál af því tagi sem um er að ræða,“ segir Sveinn og bætir við að hafin sé athugun á bókhaldi fangelsisins. Spurður um framhaldið segir hann niðurstöðurnar verða sendar dómismálaráðuneytinu og Fangelsismálastofnun. Síðan sé eðlilegast að Fangelsismálastofnun vísi málinu áfram til þar til bærra aðila, séu efni til þess.

Birgir Guðmundsson, sem gegnt hefur starfi fangavörðar á Kvíabryggju, hefur verið settur forstöðumaður meðan á rannsókn stendur.

jss@frettabladid.is

Grunur um brot á Wall Street: Stærsta húsleit alríkislögreglu

WASHINGTON, AP Eric Holder, dómismálaráðherra Bandaríkjanna, staðfestir að yfirvöld rannsaki mál sem tengist hugsanlegum fjármálabrotum á Wall Street.

Holder hélt blaðamannafund um málið í gær. Hann vildi ekkert segja til um það hvort rannsóknin beindist að starfsemi vogunarsjóðs eða innherjaviðskiptum. Bandaríska alríkislögreglan (FBI) gerði húsleit á skrifstofum þriggja vogunarsjóða í New York, Connecticut og Massachusetts í síðustu viku.

- jab

Orsök flugslyss ljós: Flaug neðan við lágmarkshæð

SLYS Orsök flugslyssins í Selárdal í Opnafirði í fyrrasumar, sem kostaði einn mann lífið, er að flugvélinni, eins hreyfils Cessnu var flogið undir lágmarksflughæð.

Þetta kemur fram í skýrslu Rannsóknarnefndar flugslysa, sem var gefin út í gær. Flugmaðurinn, sem komst lífs af úr slysinu, hafi ekki séð rafmagnslínu sem var strengd yfir Selá þvert á flugstefnu flugvélarinnar með þeim afleiðingum að flugvélin fór utan í línuna og brotlenti. Farþeginn lést á slystað og flugmaðurinn slasaðist mikið.

- þj



SPENNA Bandarísk flotadeild hefur verið við æfingar á hafsvæði skammt frá lög-sögu Norður-Kóreu undanfarna daga.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Áfram spennan á Kóreuskaga: Stórskotalið frestar æfingu

SUÐUR-KÓREA, AP Suður-kóreski herinn tilkynnti í gær að til stæði að hefja á ný stórskotaliðsæfingar á eyjum skammt frá norður-kóresku yfirráðasvæði. Stuttu síðar var tilkynnt að æfingunum hefði verið frestað.

Sams konar æfingar urðu til þess að stjórnvöld í Norður-Kóreu skutu yfir 200 sprengikúlum á eyjarnar fyrir viku.

Stjórnvöld í Norður-Kóreu hafa varað stjórnvöld sunnan landamæranna við því að hefja æfingar á eyjunum á ný. Spennan hefur enn aukist síðustu daga, eftir að bandaríski og suður-kóreski flotinn hófu æfingar á hafsvæði skammt frá Norður-Kóreu.

- bj

Tafsamt ferli við yfirferð vafaatkvæða í stjórnlagabingskosningum: 10.000 atkvæði tefja talningu

STJÓRNLAGAPING Niðurstöðu kosninga til stjórnlagabings er ekki að vænta fyrr en í fyrsta lagi í dag.

Talning hefur tekið lengri tíma en ætlað var sökum fjölda atkvæða sem þurfti að skoða nánar.

Um 10.000 af þeim 83.000 atkvæðum sem greidd voru þurfti að fara yfir á ný og hélt sú vinna áfram fram á nótt að sögn Ástráðs Haraldssonar, formanns landskjörstjórnar.

Í samtali við Fréttablaðið sagði Ástráður að grannskoðunin hefði reynt vera tafsamt ferli, en allt kapp væri lagt á að vanda til verka.

„Þarna er aðeins um að ræða atkvæði þar sem einhver grunur leikur á að kjörseðillinn sé hugsanlega ógildur að einhverju eða öllu leyti. Ef fimm frambjóðendur hafa verið valdir á seðli og allt er rétt gert kemur hann ekki til skoðunar.

Kjörsóknin dregur ekki úr vægi þingsins



JÓHANNA SIGURDARDÓTTIR

„Ég hefði vitaskuld fagnað meiri þátttöku en raun varð á en það breytir því ekki að yfir áttatíu þúsund manns nýttu lýðræðislegan rétt að kjósa til stjórnlagabings sem í mínum huga er stórmerkileg tilraun til að færa valdið til fólksins til að hafa áhrif á breytingu á stjórnarskránni. Þingið hefur verið ófært um það nema að takmörkuðu leyti marga síðustu áratugi þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.“

Heldurðu að kjörsóknin dragi úr vægi þingsins?

„Nei, ég held ekki. Ég tel þingið vera stóran þátt í lýðræðisumbótum sem vakið hafa athygli erlendis. Ég óska þeim velfarnaðar sem veljast til setu á þinginu.“

Ef seðillinn er hins vegar með eyðu inni á milli eða óskýrt skrifaður þarf að líta aftur á hann.“

Þegar yfirferð er lokið á enn eftir að fara yfir heildarniðurstöðuna að nýju.

- þj

Jólaskeiðin 2010

Íslendingar hafa safnað Jólaskeiðinni frá GAM allar götur frá 1946. Íslensk hönnun í 64 ár.

Það er aldrei of seint að bætast í hóp ánægðra safnara.



Verð kr. 15.500.-
Staðgreitt 14.700.-

Guðlaugur A. Magnússon
Anno 1924

Skólavörðustíg 10 - Sími 562 5222 - www.gam.is

Eignastýring í fremstu röð

Alhliða þjónusta við sparifjáreigendur og fagfjárfesta

Hundruð milljarða í stýringu

Eignastýring Íslandsbanka er leiðandi á íslenskum markaði með hundruð milljarða króna í eignastýringu og vörslu fyrir tugi þúsunda viðskiptavina, allt frá einstaklingum til fagfjárfesta.

Einkabankaþjónusta

Viðskiptavinum með mikil umsvif býðst einkabankaþjónusta með eigin viðskiptastjóra sem annast stjórn eignasafnsins og margvíslega ráðgjöf. Einkabankaþjónusta hentar kröfuhörðum viðskiptavinum sem vilja mikla alhliða þjónustu.

Eigna- og lífeyrisþjónusta

Þegar um er að ræða hefðbundna ávöxtun fjármuna, stakar fjárfestingar eða ráðstafanir vegna lífeyris-sparnaðar annast sérfræðingar Eigna- og lífeyrisþjónustu Íslandsbanka ráðgjöf og þjónustu.

Netbanki

Fyrir þá sem kjósa að stýra safni sínu sjálfir veitir Netbankinn greiðan og hagkvæman aðgang að einu breiðasta sjóðaúrvali landsins. Þar eru allir sjóðir Íslandssjóða aðgengilegir.


Hafðu samband í síma 440 4920 til að fá nánari upplýsingar eða til að mæla þér mót við ráðgjafa.

Íslandsbanki (kt. 4910080160) er viðskiptabanki sem starfar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

Alhliða fjármálaþjónusta



Sveigjanlegt þjónustustig



Eignastýring Íslandsbanka
eignastyring@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4920


Íslandsbanki

GENGIÐ 29.11.2010		
GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA	
 Bandaríkjadalur	115,9	116,46
 Sterlingspund	180,58	181,46
 Evra	152,87	153,73
 Dönsk króna	20,505	20,625
 Norsk króna	18,779	18,889
 Sænsk króna	16,568	16,666
 Japanskt jen	1,3778	1,3858
SDR	177,52	178,58
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
206,3179		
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Rannsókn sérstaks saksóknara: Í skýrslutöku vegna Glitnis

LÖGREGLUMÁL Guðbjörg Matthíasdóttir, stærsti eigandi Morgunblaðsins, er meðal þeirra sem hafa verið yfirheyrðir af sérstökum saksóknara í tengslum við rannsókn á málefnum Glitnis.

Í fréttum Stöðvar 2 í gær kom fram að Guðbjörg, Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson, Óskar Magnússon og Katrín Pétursdóttir hefðu öll gefið saksóknara skýrslu sem vitni og væru ekki grunuð um refsiverða háttsemi. Öll tengjast þau Tryggingamiðstöðinni, en saksóknari rannsakar meðal annars kaup Glitnis á 40% hlut í fyrirtækinu í september 2007. - þj

Niðurskurður á skurðarfé: Segja brýnt að sinna skurðum

LANDBÚNAÐUR Byggðaráð Rangárbíngs eystra mótmælir fyrirhuguðum niðurskurði á jarðabóta-styrkjum vegna upphreinsunar skurða. Heildarlengd skurða í sveitarfélaginu er 1.000 til 1.500 kílómetrar.

Í ályktun ráðsins segir að upphreinsun skurða sé forsenda fyrir búskap í héraðinu. „Þrátt fyrir að útgjöld við upphreinsun skurða séu dregin saman í eitt eða fleiri ár næst enginn sparnaður þar sem slíkt kallar einungis á stórtækari aðgerðir eftir lengri hlé auk þess sem minnkað viðhald skurða leiðir til verri endingar túna og lélegri uppskeru,“ segir byggðaráðið, sem kveður ríka hagsmuni af því að dýrmætu ræktunarlandi sé haldið við. - gar

LEIÐRÉTTING

Ranglega var farið með nafn Kristínar Aldan innanhússarkitekts í blaðinu á föstudaginn þegar greint var frá sigri hennar í hönnunarkeppni Tónlistarhússins Hörpu.

Formaður Bændasamtakanna vísar á bug gagnrýni formanns samninganefndar Íslands við ESB:

Andstöðu Jóns Bjarnasonar um að kenna

EVROÞUSAMBANDIÐ „Það er fullkomlega ómaklegt af formanni samninganefndar Íslands að segja að við séum á einhvern hátt að bregðast. Við höfum unnið meira en hagsmunasamtökum er ætlað að gera,“ segir Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtaka Íslands.

Stefán Haukur Jóhannesson, sendiherra og formaður samningarnefndar Íslands um aðildarviðræður við Evrópusambandið (ESB), sagði í samtali við Fréttablaðið á laugardag Bændasamtökin ekki vilja taka þátt í fjögurra daga rýnifundi um landbúnaðarmál í

Brussel. Samninganefndin verði að leita annarra leiða og styðjast við þá krafta sem nefndin hafi í landbúnaðarráðuneytinu. Stefán sagði hjásetu Bændasamtakanna geta gert stöðu samninganefndarinnar í landbúnaðarmálum lakari en ella.

Haraldur segir sárt að heyra þessa gagnrýni. Bændasamtökin hafi tekið að sér verk í tengslum

HARALDUR Bændasamtökin hafa tekið að sér vinnu sem á að vera á herðum stjórnvalda, segir Haraldur Benediktsson. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR



við aðildarviðræðurnar sem hafi í raun átt að vera á herðum stjórnvalda en landbúnaðarráðuneytið ekki getað sinnt sökum andstöðu Jóns Bjarnasonar, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, við aðildarviðræður Íslands um inngöngu í ESB.

„Ráðuneytið neitar allri vinnu en ber raunverulega ábyrgð á að fylgja eftir hagsmunum atvinnuvegarins, ekki við,“ segir Haraldur.

Ekki náðist í Jón Bjarnason þegar eftir því var leitað í gær.

- jab

Meðferðarheimili skoðuð allt aftur til ársins 1996

Ríkisendurskoðun hefur óskað eftir öllum gögnum, þar á meðal bréfa- og tölvupóstsamskiptum, um samninga við meðferðarheimili frá árinu 1996. Tilefnið er umfjöllun um þrjátíu milljóna króna uppgjör við Árbót.

STJÓRNSÝSLA Ríkisendurskoðun hefur hafið athugun á samningum við meðferðarheimili og starfslokum þeirra. Stofnunin sendi bréf á Barnaverndarstofu, félagsmálaráðuneytið og fjármálaráðuneytið fyrir helgi og óskaði eftir öllum gögnum sem varða samninga við meðferðarheimili barna frá árinu 1996 og samningslok þar sem það á við.

Athuginin kemur í kjölfar fréttu Fréttablaðsins af samningi um greiðslu þrjátíu milljóna króna bóta til meðferðarheimilisins Árbótar, þvert á vilja forstjóra Barnaverndarstofu.

Meðal þeirra gagna sem Ríkisendurskoðun vill fá afrit af eru öll bréfa- og tölvupóstsamskipti sem varða þessi mál, minnisblöð og annað. Búast má við að skjölin skipti hundruðum, ef ekki þúsundum.

Sveinn Arason ríkisendurskoðandi segir algjörlega óvíst hversu langan tíma athuginin muni taka. „Það þarf einhvern tíma fyrir þá að fara í gegnum safnið til að tína þetta til og ljósrita og senda okkur til baka. Ég vil ekki slá á neinn tíma á þessari stundu. Við þurfum að sjá umsvifin áður og reyna að átta okkur á flækjustiginu.“

Félagsmálanefnd fundaði um málaflokkinn í gær. Á fundinn komu fulltrúar félagsmálaráðuneytisins, Árbótar og Götusmiðjunnar. Til stendur að Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, komi á fund nefndarinnar seinna í vikunni.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, formaður nefndarinnar, segir fundinn hafa verið hinn ágætasta. „Það var þó mjög óheppilegt að hafa ekki sjónarmið Barnaverndarstofu,“ segir Sigríður. Fulltrúar Árbótar og Götusmiðjunnar hafi gagnrýnt Barnaverndarstofu töluvert sem mótaðila sinn í málunum. „Og það er mjög erfitt að leggja mat á það þegar þú færð bara aðra hliðina,“ segir hún.



ÁRBÓT Í AÐALDAL Árni Páll Árnason og Steingrímur J. Sigfússon sömdu um þrjátíu milljóna greiðslu til Árbótarhóstanna, þvert á vilja forstjóra Barnaverndarstofu.

Fagnar úttekt

„Ég hef ekki sett mig ofan í þetta mál en fagna því að Ríkisendurskoðun skuli skoða það,“ segir Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra. „Miðað við þann blástur sem var í kringum þetta held ég að það sé affarásælast fyrir alla aðila að Ríkisendurskoðun fari ofan í þetta og klári það sem allra fyrst.“

Sigríður segir nauðsynlegt að farið verði vel yfir þessi mál en hún taki ekki afstöðu til málefna Árbótar og Götusmiðjunnar fyrr en úttekt Ríkisendurskoðunar liggi fyrir. „Það þarf að koma í ljós hvort þetta var eðlileg

Gestir á fundinum

Fyrir hönd félagsmálaráðuneytis:
■ Bolli Þór Bollason ráðuneytisstjóri
■ Einar Njálsson skrifstofustjóri

Fyrir hönd Árbótar:
■ Hákon Gunnarsson, eigandi
■ Snæfríður Njálisdóttir, eigandi
■ Björgvin Þorsteinsson, lögmaður

Fyrir hönd Götusmiðjunnar:
■ Guðmundur Týr Þórarinnsson, forstöðumaður
■ Gísli Kr. Björnsson, lögmaður

málsmeðferð eða ekki. Ég get ekki dæmt um það á þessu stigi málsins,“ segir hún. Niðurstaðan kunni að nýtast við endurskoðun barnaverndarlaga sem nú stendur fyrir dyrum.

stigur@frettabladid.is

Ókeypis heyrnarmæling


úrvals heyrnartæki

og afbragðs þjónusta!

HEYRNARSTÖÐIN

Læknastöðin, Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir
veður-
fréttamaður

KÓLNAR Á NÝ
Svipað veður verður á landinu á morgun, suðvestlægt átt með nokkuð mildu veðri. Hins vegar á fimmtudag gengur í fremur hæga norðanátt með heldur kólnandi veðri og útlit er fyrir frost um allt land á föstudag.


Á MORGUN
8-15 m/s NV- og V-til, annars hægari.

FIMMTUDAGUR
5-10 m/s.

HEIMURINN

Alicante	13°
Basel	0°
Berlín	-5°
Billund	-2°
Frankfurt	-2°
Friedrichshafen	-1°
Gautaborg	-3°
Kaupmannahöfn	-3°
Las Palmas	24°
London	1°
Mallorca	16°
New York	14°
Orlando	27°
Ósló	-12°
París	-2°
San Francisco	13°
Stokkhólmur	-4°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádeg.



Svo þú getir hemsótt
okkur í vör
Mamma & pabbi

Gefðu góða ferð!

Jólagjafabréf Iceland Express er skemmtileg gjöf sem gefur fyrirheit um spennandi tíma á nýju ári. Einnig er tilvalið að gefa þeim sem búa erlendis jólagjafabréf, svo þeir geti skotist heim og notið góðra stunda með fjölskyldu og vinum.

Bókaðu jólagjafabréf handa þeim sem þér þykir vænt um á www.icelandexpress.is/jolagjafabref

**Bókaðu
núna!**

» Evrópa:

25.900 kr.

» Ameríka:

49.900 kr.

Sölutímabili lýkur kl. 18.00, 24. desember 2010.

Ef bókað er fyrir 1. febrúar 2011:

Flugsæti, með sköttum og öðrum greiðslum sem gildir fram og til baka til Kaupmannahafnar, London, Berlínar og New York í Bandaríkjunum.

Bókunartímabil: 25. desember-1. febrúar 2011

Ferðatímabil: 10. janúar-15. maí 2011

(tímabilið 13. apríl-3. maí undanskilið)

Ef bókað er eftir 1. febrúar 2011:


Jólagjafabréfið verður inneign að upphæð 25.900 kr. (Evrópa) eða 49.900 kr. (Ameríka). Gildir til allra áfangastaða í tvö ár frá útgáfudegi.

Iceland Express 
með ánægju

Hvar er þínum séreignarsparnaði best borgið?

Hugsaðu dæmið til enda

Fáðu ráðgjöf í síma 595 3400



Allianz 
– tryggir þína peninga

Allianz Ísland hf. | Digranesvegi 1 | 200 Kópavogi | 595 3300 | allianz@allianz.is | allianz.is



1. Hvað heitir listakonan sem málaði Ísbjörn á Langjökul?
2. Hversu mikið fær Írland í fjárhagsaðstoð?
3. Hvenær stendur til að frum-sýna kvikmyndina Gauragang?

SVÖR

1. Björgey Ólafsdóttir, 2. 85 milljarðar evra, 3. Ánnu og dag jóla.



NOTAÐIR GSM-SÍMAR Síminn mun meðal annars taka við notuðum sínum til endurvinnslu og gefa andvirði þeirra til Fjölskylduhjálparinnar.

Síminn styður Fjölskylduhjálp: Gefur andvirði notaðra tækja

SAMFÉLAGSMÁL Síminn hvetur fólk til þess að styðja starf Fjölskylduhjálpar Íslands fyrir jölin með því að koma með gömul og ónýt smáraftæki í verslanir fyrirtækisins. Tækin verða send í endurnýtingu og mun andvirði af sölu þeirra renna til Fjölskylduhjálparinnar.

Meðal þess búnaðar sem Síminn mun taka við eru GSM-símar, fartölvur, leikjavélar, stafrænar myndavélar, MP3-spilarar, stafrænar upptökuvélar og net-lyklar. Vörumóttaka er í öllum verslunum Símans á landinu. - sv

8

FRÉTTABLAÐIÐ

30. nóvember 2010ÞRIÐJUDAGUR

Gunnar stígur til hliðar úr stjórninni

SAMFÉLAGSMÁL Stjórn Krossins hefur samþykkt ósk Gunnars Þorsteinssonar um að víkja úr sæti sem forstöðumaður safnaðarins. Ekki liggur fyrir að svo stöddu hver tekur við af honum. Gunnar veit ekki hvort úrsögn hans úr sæti verður einungis tímabundin eða til framtíðar.

„Ég get engu svarað um það á þessu stigi málsins. Menn verða að ná utan um þetta og lenda þessu,“ segir Gunnar, sem hefur verið sakaður um kynferðislega áreitni af fimm konum sem voru í söfnuðinum um árábil. Þar

af hafa fjórar komið fram undir nafni. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að þrjár konur til viðbótar muni koma fram á næstu dögum.

Varðandi þann sem mun taka við af Gunnari sem forstöðumaður segir hann að valið sé ekki í sínum höndum. Það sé þó möguleiki að Jónína Benediktsdóttir, eiginkona Gunnars, taki við sætinu, en það sé í höndum stjórnar og safnaðarins að gefa þann úrskurð.

Nils Guðjón Guðjónsson, yfirdjákni og stjórnarmeðlimur,



GUNNAR Í KROSSINUM Stjórn Krossins hefur ákveðið að Gunnar stigi til hliðar í ljósi ásakana á hendur honum um kynferðislega áreitni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA segir afsögn Gunnars vera fyrsta skrefið í ferlinu og engar frekari ákvarðanir liggi fyrir. Hann efast

þó stórlega um að Jónína taki við af Gunnari sem forstöðumaður. Líklegast sé að Sigurbjörg Gunnarsdóttir, dóttir Gunnars og framkvæmdastjóri Krossins, taki við stjórninni eða stjórnin í heild.

Sigurbjörg telur það einnig mjög ólíklegt að Jónína taki við sem forstöðumaður. Hún hafi einfaldlega ekki óskað eftir stöðunni. Sigurbjörg segir þó allt vera uppi á borðinu, spurð hvort hún sjálf muni taka við sæti föður síns. Engar ákvarðanir hafi verið teknar og mikilvægt sé að söfnuðurinn sé með í ráðum. - sv

Stjórnvöld geirnegli áætlun

Formaður Rafiðnaðarsambandsins segir sáttmála á vinnumarkaði undir stjórnvöldum kominn. Ganga þurfi frá tilteknum málum áður en skrifað verði undir samstarfsyfirlýsingu. Atvinnu- og lífeyrismál beri hæst.

KJARAMÁL Það er undir ríkisstjórninni komið hvort stofnað verður til nýs samstarfs á vinnumarkaði. Hún þarf að ganga þannig frá málum að ekki verði hægt að svíkja gefin loforð.

Þetta segir Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, um möguleikann á nýjum stöðugleikasáttmála. „Menn telja nauðsynlegt að fenginni reynslu að hafa í hendi geirneglt samkomulag við ríkisstjórnina.“

Guðmundur hefur að undanförnu rætt við félagsmenn, kynnt sér afstöðu þeirra til kjaramálanna og á hvað leggja beri áherslu. Niðurstaðan er sú að öll spil séu á borði ríkisstjórnarinnar. Nauðsynlegt sé að hún gangi frá áætlunum um fjölgun starfa og jöfnun lífeyrisréttinda og samkomulagi um samspil starfsmenntasjóða og atvinnuleysistryggingasjóðs.

Aðspurður segir Guðmundur lífeyrismálin hvíla þungt á sínu fólki. Ekki verði gert samkomulag við ríkisvaldið nema í því sé fjallað um hvernig leysa eigi þau mál. „Menn gera sér grein fyrir að það verði ekki gert með einhverjum millifærslum um áramótin, við erum að tala um nokkurra ára, jafnvel tíu ára plan um

hvernig eigi að leysa þetta. Það þarf að gera þannig að þökkaleg sátt sé milli allra í samfélaginu.“

Vilji Samtaka atvinnulífsins stendur til að samið verði til þriggja ára um hóflegar kauphækkunar samhliða aðgerðum til að auka kaupmátt og halda verðbólgu í skefjum. Guðmundur segir rafiðnaðarmenn geta hugsað sér slíka samninga. „Menn eru ekki fífl. Við áttum okkur á hver staðan er í samfélaginu og það sem mestu máli skiptir er að ná stöðugleika og koma atvinnulífinu af stað. Menn héldu að þeir væru að semja um það í stöðugleikasáttmálanum en svo var ekki. Þunga-vigtarákvæðin varðandi atvinnulífið voru ekki framkvæmd af hálfu ríkisstjórnarinnar.“


Guðmundur segir að fyrir vikið séu um 200 rafiðnaðarmenn atvinnulausir. Það segi þó ekki alla söguna því fjöldi hafi flust úr landi. Hæfasta og verðmætasta fólkið, fólk milli þrítugs og fertugs með bestu mennunina, fari fyrst. „Fólk beið eftir að sjá eitthvað gerast en stóð svo frammi fyrir skattahækkunum og niðurskurði í velferðarkerfinu. Þegar þannig var komið sagðist það ekki taka þátt í þessari steypu lengur heldur vera farið.“

bjorn@frettabladid.is



RÆTT UM SÁTTMÁLANN HINN FYRRI Frá fundahöldum launþega og atvinnurekenda í aðdraganda stöðugleikasáttmálans sem undirritaður var í júní í fyrra. Guðmundur Gunnarsson er til vinstri en við hlið hans situr Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins. Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, stendur fyrir aftan þá.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi auglýsir eftir umsóknum

Átaksverkefni

Lögð er áhersla á stutt og hnitmiðuð verkefni sem geta skapað mikil verðmæti á stuttum tíma. Verkefni sem eru til 12-18 mánaða munu að öllu jöfnu njóta forgangs. Sjóðurinn er opinn fyrir öllum hugmyndum sem auka verðmæti sjávarfangs.

AVS sjóðurinn er tilbúinn til að greiða allt að 50% af kostnaði átaksverkefna, en hámarksstyrkir eru 6-8 m.kr.

Framhaldsverkefni

Með stuðningi AVS sjóðsins eru allmörg 2-3 ára verkefni í gangi og mun sjóðurinn styðja þau áfram ef framvinda rannsókna er í samræmi við fyrirheit og kröfur sjóðsins.

Nánari upplýsingar og leiðbeiningar fyrir umsækjendur ásamt eyðublaði er að finna á www.avs.is

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi starfar á vegum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og veitir styrki til rannsókna- og þróunarverkefna sem auka verðmæti sjávarfangs.

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi • Pósthólf 1188 • 121 Reykjavík • Sími 422-5102 • www.avs.is

Nýtt hjá AVS

Atvinnuþróun og nýsköpun í sjávarbyggð

Þetta er nýr flokkur umsókna þar sem lögð er áhersla á verkefni sem skapað geta ný störf og verðmæti í sjávarbyggðum landsins.

Um er að ræða stutt verkefni sem tengjast t.d. ferðapjónustu, framboði á sjávarfangi, nýjum vörum eða þjónustu.

Hámarkstími verkefna er 12 mánuðir og skal skila afrakstursskýrslu til sjóðsins við lok verkefnisins.

Hámarksupphæð styrkja er 3 m.kr. og er miðað við að hlutfall styrks af heildarkostnaði verkefnisins verði ekki hærra en 50%.

Skilafrestur allra umsókna er til þriðjudagsins 1. febrúar 2011 fyrir kl. 17:00



VARNAR Meðal verkefna Varnarmálastofnunar er rekstur loftvarnarkerfis, umsýsla með loftrýmisgæslu og þátttaka í starfi NATO.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Styttist í að framtíðarfyrirkomulag varnarmála skýrist:

Verkefnisstjórn skilar tillögum til ráðherra

VARNARMÁL Framtíð þeirra verkefna sem nú eru vistuð hjá Varnarmálastofnun mun skýrast á næstu dögum, segir Guðmundur B. Helgason, formaður verkefnisstjórnar Varnarmálastofnunar.

Hann segir verkefnisstjórnina hafa skilað tillögum um framtíðarfyrirkomulag varnarmála á fundi með Össuri Skarphéðinssyni utanríkisráðherra og Ögmundi Jónassyni, dómsmálaráðherra og samgönguráðherra, fyrir stuttu.

Verkefnisstjórnin tók við rekstri Varnarmálastofnunar í september, en stofnunin verður lögum samkvæmt lögð niður um áramót.

Heimildir Fréttablaðsins herma að ekki sé samkomulag innan

stjórnarinnar um framtíðarfyrirkomulag sumra verkefna stofnunarinnar. Til dæmis er ágreiningur um hver eigi að reka loftvarnarkerfið, sem er hluti af loftvarnarkerfi Atlantshafsbandalagsins.

Guðmundur segir vissulega skiptar skoðanir innan stjórnarinnar, en nefndin hafi einungis það hlutverk að koma með tillögum. Ráðherra taki endanlega ákvörðun.

Alger óvissa um framtíðina ríkir meðal starfsmanna Varnarmálastofnunar. Guðmundur segir ekki tímabært að úttala sig um hvort einhverjir starfsmenn muni missa vinnuna. Færirst verkefnin annað fái starfsmenn væntanlega starfs-tilboð þaðan. - bj

Njóttu
fram tíðarinnar
– í öryggi!

Við skipuleggjum lífeyrismál þín
– eins og þau væru okkar eigin



Ef þú vilt geta notið eftirlaunaáranna verður það mikilvægara með hverju árinu að greiða iðgjöld í frjálsa viðbótarlífeyristryggingu svo að þú eigir nægan höfuðstól til að geta látið drauma þína rætast.

Mikilvægt er að hafa traustan samstarfsaðila sér við hlið. Einhvern sem þú getur treyst fyrir peningunum þínum! Þetta öryggi býður Bayern-Versicherung sem tilheyrir Versicherungskammer Bayern, stærstu opinberu tryggingasamstæðu Þýskalands.

Versicherungskammer Bayern er meðlimur í sambandi fjármálafyrirtækja Þýsku sparisjóðanna (Sparkassen-Finanzgruppe) sem er farsælasti samstarfs-vettvangur á sviði fjármálaþjónustu í Þýskalandi og með um 50 milljónir viðskiptavina.

Sterk fjárhagsstaða og ströng fyrirmæli í Þýskum lögum gera Bayern-Versicherung kleift að uppfylla tryggingaskuldbindingar sínar fyrirvaralaust hvenær sem er.

Nánari upplýsingar um þjónustuframboð okkar er að finna á www.sparnadur.is eða þú hringir einfaldlega í einn af okkar vottuðu ráðgjöfum hjá Sparnaði – við hlökkum til að heyra í þér í síma 577-2025.


SPARNADUR

Umboðsaðili Bayern-Versicherung sem er meðlimur
í fyrirtækjasamstæðunni Versicherungskammer Bayern
Holtasmári 1, Kópavogur • Kaupvangsstræti 1, Akureyri
Sími: 577 2025 • sparnadur@sparnadur.is
www.sparnadur.is

VER | SICHER | UNGS
KAMMER
BAYERN

 Finanzgruppe



Fagnaðu fullveldisdeginum með BKI kaffi

Fullveldisdagurinn er á morgun

Angan af kaffi kemur bragðlauk-unum af stað og ilmurinn segir til um ríkt bragðið af BKI kaffi. Helstu upp á gott BKI kaffi.

1. desember 1918 öðlaðist Ísland fullveldi. Þá varð Ísland frjálst og fullvalda ríki. Íslenski fáninn varð fullgildur þjóðfáni og var dreginn að hún í fyrsta sinn. Á sama tíma geysaði spænska veikin þannig að minna varð úr hátíðahöldum en ætla mátti. Það var ekki fyrr en stúdentar tóku daginn upp á sína arma um þremur árum síðar að fólk tók að fagna fullveldinu.



Kauptu gott kaffi í dag á góðu verði

Einnig til 250 gr á ennþá betra verði á meðan birgðir endast

Njóttu þin vel á fullveldisdaginn með fullum bolla af BKI Kaffi.
Njóttu sjálfstæðisins með ríkulegu BKI kaffi.

BKI Classic

Sérvaldar baunir frá þekktustu kaffisvæðum heimsins tryggja hið mjúka bragð, lokkandi ilminn og fersklegt eftirbragðið.



BKI Extra

Snöggristað við háan hita. Þannig næst fram ríkara kaffibrað við fyrsta sopa en léttur og mjúkur keimur fylgir á eftir.

Kauptu BKI fyrir fullveldisdaginn
Kíktu á bki.is

Öryggisdögum Strætó bs. og VÍS lauk á sunnudag:

Alls ellefu óhöpp á sex vikum

UMFERÐARMÁL Alls urðu ellefu óhöpp á síðustu sex vikum sem tengd voru ferðum strætisvagna á höfuðborgarsvæðinu. Að meðaltali verða um tuttugu óhöpp á mánuði hjá Strætó bs. yfir vetrarmánuðina.

Öryggisdögum Strætó og VÍS lauk formlega á sunnudag, en þeir stóðu yfir í sex vikur, frá 18. október til 28. nóvember. Markmið átaksins var fyrst og fremst að vekja vegfarendur til umhugsunar um umferðaröryggi en að auki ætluðu strætisvagnabílstjórar að reyna að gera betur í akstri en á sama tímabili í fyrra. Þá urðu 28



Á HLEMMI Guðmundur Örn Gunnarsson, forstjóri VÍS, hélt stutt erindi þegar öryggisdögum Strætó og VÍS lauk.

óhöpp frá miðjum október fram til nóvemberloka.

Í tilkynningu frá Strætó bs. segir að markmiðið hafi náðst örugglega

í ljósi þess að einungis hafi ellefu óhöpp orðið. Þó hafi eitt alvarlegt slys orðið meðan á Öryggisdögum stóð, því ekið var á gangandi vegfaranda síðastliðinn laugardag og hlaut hann innvortis meiðsl. Annars voru flest atvikin minni háttar.

„Ég harma öll óhöpp og slys í umferðinni og auðvitað eru ellefu óhöpp á þessu tímabili ellefu óhöppum of mikið,“ segir Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri Strætó bs. „En meðan við erum að fækka slysum jafnt og þétt er ekki annað hægt en að gleðjast yfir því.“

- sv

Lög og reglur í vegi einföldustu verkefna

Ekki er hægt að ráðast í uppbyggingu á niðurníddum ferðamannastöðum með stuttum fyrirvara því flókið regluverk stendur í veginum. Á sama tíma er viðurkennt að bregðast verður fljótt við ef óbætanleg verðmæti eiga ekki að tapast.

UMHVERFISMÁL Þunglamaleg lög og flókið regluverk koma í veg fyrir að hægt sé að bregðast við niðurníðslu á fjölförnum ferðamannastöðum með skjóttum og skilvirkum hætti. Tvö ár tekur að fá tilskilin leyfi til minnstu verka, ef engar tafir verða.

Ólafur Örn Haraldsson, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum, bendir á þetta. Hann segir að þó að enginn vilji hroðvirknisleg vinnubrögð við uppbyggingu við helstu náttúruperlur þjóðarinnar sé full ástæða til að bregðast við alvarlegum vanda sem upp sé kominn. „Það þarf ekki fullmótaða framtíðarstefnu til að taka til í kringum sig. Verkefnið blasa við öllum sem vilja sjá. Það þarf að hefjast handa og sleppa fundarhöldunum.“

Umhverfis- og iðnaðarráðuneytið efndu til málþings um náttúruvernd og ferðaþjónustu nýlega í kjölfar svartrar skýrslu Umhverfisstofnunar um ástand friðlýstra svæða á Íslandi. Í skýrslunni er dregið fram að mörg friðlýst svæði, og þar á meðal þekktustu náttúruperlur þjóðarinnar, muni tapa verndargildi sínu ef ekki verði brugðist við.

„Það verður að hefjast handa en lög og reglur standa í vegi fyrir einföldustu verkefnum,“ segir Ólafur. „Hér er um að ræða skipulags- og byggingarlög og náttúruverndarlög og flókið regluverk með sínum umsagnar- og kæruferlum. Það verður annaðhvort að endurskoða lögin og regluverkið eða gera undanþágur til að klára þau verk sem eru mest aðkallandi.“

Ólafur segir ekki um flókin eða dýr verkefni að ræða í mörgum



FRÁ ÞINGVÖLLUM Yfir 300 þúsund gestir sækja Þingvelli á ári. Þjóðgarðurinn, sem er á heimsminjaskrá, hefur sama og engar tekjur af komu þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

óþolandi en það er ekki hægt með litlum fyrirvara eins og mál standa. Það tekur um tvö ár að koma í gegn framkvæmd frá því að skipulagsferli hefst og er þá ekki gert ráð fyrir tölum sem fylgja til dæmis kærufæri,“ segir Ólafur.

Hann vill að ríkið setji á fót fimm ára áætlun með það að markmiði að leysa bráðasta vandann í þjóðgöðum og við aðra mikilvæga ferðamannastaði. Þá verði gjaldtaka vart umflúin þar sem lítil von sé að ríkið setji fjármuni í málaflokkinn eins og sakir standa.

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra mun leggja fram frumvarp til laga í vetur um stofnun Framkvæmdasjóðs ferðaþjónustunnar. Hins vegar er umdeilt hvort og hvernig standa skuli að gjaldtöku til að afla sjóðnum fjár.

svavar@frettabladid.is



ÁSTAND FRIDLÝSTRA SVÆÐA Hinn 18. nóvember fjallaði Fréttablaðið um svarta skýrslu Umhverfisstofnunar.

tilfellum. Því sé oft öfugt farið. „Bregðast þarf við ástandi sem allir eru sammála um að sé

Pólverjar fagna yfirlýsingu rússneska þingsins um fjöldamorðin í Katýnskógi:

Rússar staðfesta glæp Stalíns

RÚSSLAND, AP Rússneska duman, neðri deild rússneska þjóðþingsins, samþykkti fyrir helgi yfirlýsingu þar sem staðfest er að Jósef Stalín hafi gefið út skipun um fjöldamorðin í Katýnskógi Pólskir ráðamenn fögnuðu yfirlýsingunni og sögðu hana marka tímamót í samskiptum landanna. Yfirlýsing dunnar virðist einnig vera skref í áttina til þess að Rússar fjarlægist arfleifð Sovétímans.

„Opinber skjöl, sem haldið var leyndum árum saman, sýna ekki aðeins hve umfangsmikill þessi skelfilegi harmleikur var heldur einnig að glæpaverkin í Katýn voru framin samkvæmt beinni skipun frá Stalín og öðrum leiðtogum Sovétríkjanna,“ segir í yfirlýsingunni. Þingmenn lýsa yfir dýpstu samúð með fórnarlömbum atburðanna, sem sagðir eru óréttlætalegir. Liðsmenn sovésku leyniþjónust-



RÚSSNESKA DUMAN Kommúnistum á þingi tókst ekki að koma í veg fyrir fordæmingu á glæpum Stalíns. NORDICPHOTOS/AFP

unnar myrtu um 20 þúsund Pólverja, einkum hermenn, í Katýnskógi árið 1940. Sovétmenn kenndu þýskum nasistum lengi vel um glæpinn.

- gb

Landhelgisgæslan:

Varðstöð kom í veg fyrir strand

ÖRYGGISMÁL Varðstjórn stjórnstöðvar Landhelgisgæslunnar tókst í vikunni sem leið að koma í veg fyrir að bátur strandaði á Lönguskerjum, vestarlega á Skerjafirði í Reykjavík. Kölluðu varðstjórnar í bátinn til að aðvara skipverja og leiðbeindu honum síðan frá skerjunum.

Í færslu á vef Landhelgisgæslunnar segir að skipstjóri bátsins hafi um helgina komið í heimsókn í stjórnstöðina og þakkað aðstoðina. Hann útskýrði að siglingatæki bátsins hefði bilað í sjóferðinni. - shá



TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS Stofnunin er komin á Facebook.

Tileinka sér tækninýjungar:

Tryggingastofnun á Facebook

TÆKNI Tryggingastofnun hefur opnað síðu á samskiptavefnum Facebook.

Þar með bætist við leið til að koma upplýsingum um almannatryggingakerfið á framfæri, en auk þess koma þar fram tilkynningar um það sem hæst ber hjá stofnuninni hverju sinni.

Til að fylgjast með fara notendur á Facebook-síðuna og smella á „Líkar við“ hnappinn. - þj

Auður tekur við lífeyrissjóði:

Urðu að skerða réttindi félaga

VIÐSKIPTI Stjórn Lífeyrissjóðs verkfræðinga hefur ráðið Auði Finnbogadóttur í stöðu framkvæmdastjóra og hefur hún störf á morgun.



AUÐUR FINNBOGADÓTTIR

Auður útskrifaðist sem viðskiptafræðingur árið 1992 og hlaut MBA-gráðu frá Háskólanum í Reykjavík árið 2005. Hún hefur um fimmtán ára starfsreynslu á fjármálamarkaði, þar af var hún framkvæmdastjóri MP banka frá stofnun hans til 2003.

Lífeyrissjóðurinn tapaði 3,7 milljörðum króna árið 2008 og skerti hann greiðslur til sjóðsfélaga. Á aðalfundi sjóðsins í apríl var lýst vantrausti á stjórn hans. - jab

Stöðuvötn heimsins hitna:

Hitna um 0,5°C á 10 ára tímabili

VÍSINDI Yfirborðshiti 167 stórra stöðuvatna víða um heim hefur hækkað um að meðaltali 0,45 gráður á Celsius á síðasta áratug, samkvæmt vísindamönnum NASA, bandarísku geimferðastofnunarinnar.

Notuð voru gervitungl til að mæla hitastig vatnanna. Hitastig þeirra vatna sem hitnuðu mest hefur hækkað um allt að eina gráðu á áratug. Þau vötn sem mest hitna eru um eða fyrir norðan miðbik norðurhvels jarðar.

„Okkar rannsókn dregur fram fram ný gögn sem sýna áhrif hækkanði hitastigs um allan heim,“ segir Philipp Schneider hjá NASA. - bj

Ungur maður sem ítrekað hefur brotist inn í sumarbústaði handtekinn:

Úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna innbrota

LÖGREGLUMÁL Ungur maður hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald til 22. desember. Hann hefur undanfarin misseri farið hamförum við innbrot í sumarbústaði og verið óstöðvandi þrátt fyrir að lögregla hafi margt haft afskipti af honum.

Mikil innbrotahrina í sumarbústaði á Suðurlandi hefur ríðið yfir á síðustu mánuðum. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu bauð lögreglunni á Selfossi samstarf embættanna í að stöðva innbrotin. Snemma á föstudagsmorgun þegar lögreglumenn voru í eftirlitsferð urðu þeir varir við kyrrstæða bifreið á Búrfellsvegi í Grímsnesi. Bifreiðinni var ekið af stað og lögreglumenn fylgdu henni eftir. Skömmu síðar sást að hlutum var kastað

út úr bifreiðinni. Þegar bifreiðin hafði verið stöðvuð kom í ljós að í henni voru tveir ungir menn. Annar þeirra, maður um tvítugt, var þekktur af fjölda innbrota í Árnessýslu síðastliðið vor, eins og Fréttablaðið hefur fjallað um. Mennirnir höfðu losað sig við flatskjá og fleira eftir að eftirförin hófst. Þeir voru handteknir og fluttir á lögreglustöðina á Selfossi og færðir í fangageymslu. Þeir höfðu um nóttina brotist í fjóra bústaði við Álfstavatn og Sogið. Annar mannanna játaði innbrotin en hinn, sem nú sætir sífbrotagæslu, neitaði. - jss

SUMARBÚSTAÐIR Mörg sumarbústaðahverfi hafa orðið fyrir barðinu á innbrotspjófum.



Á Íslandi eru fimm leiðsöguhundar fyrir blinda. Þörf er á miklu fleiri.

Með kaupum á miða í happdrætti Blindrafélagsins styður þú blinda og sjónskerta til sjálfstæðis.

Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskertra á Íslandi, er mannréttindasamtök sem berst fyrir því að blindir og sjónskertir einstaklingar geti lifað sjálfstæðu lífi og að þeim sé tryggður jafn réttur og tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu.

Með því að kaupa happdrættismiða tekur þú virkan þátt í að styðja blinda og sjónskerta einstaklinga á öllum aldri til sjálfstæðis og stuðlar þannig að auknum lífsgæðum þeirra og um leið betra samfélagi. Á www.blind.is eru ítarlegar upplýsingar um mikilvæg og fjölbreytt verkefni Blindrafélagsins. Leiðsöguhundar eru aðeins eitt dæmi.

Miði í happdrætti Blindrafélagsins er kominn í heimabankann þinn. Nú getur þú valið að styðja blint og sjónskert fólk.

Happdrættismiðinn þinn birtist sem valkrafa í heimabankanum þínum. Númerið á miðanum er það sama og seðilnúmerið á valkröfunni. Dregið verður í happdrættinu þann 10. des. nk. Vinningar í happdrættinu eru glæsilegir, alls tæplega 300 talsins og heildarupphæð þeirra er yfir 50 m.kr.

Þinn stuðningur til sjálfstæðis

Blindrafélagið þarf að afla 80-90% af tekjum sínum með fjáröflunum til að geta haldið úti nauðsynlegri starfsemi og þjónustu.



Styrkir leiðsöguhunda á Íslandi

BLINDRAFÉLAGIÐ
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAÐ 1939



Frekari upplýsingar á www.blind.is og í síma 525 0000. Vinningaskrá verður birt á síðu 290 í textavarpi sjónvarpsins og á www.blind.is

Hamrahlíð 17 • 105 Reykjavík • Sími 525 0000 • Fax 525 0001 • www.blind.is • Netfang blind@blind.is

FRÉTTAVIDTAL: Sveinn Rúnar Hauksson formaður félagsins Ísland-Palestína

Palestínumenn í innbyrðis deilum

Meðan Ísraelar og Palestínumenn eiga í stopulum friðarviðræðum hafa Palestínumenn innbyrðis einnig reynt að slíðra sverðin, með álíka litlum árangri. Sveinn Rúnar Hauksson segir þetta stóra málið meðal Palestínumanna í dag.

Klofningurinn milli Hamas-samtakanna, sem fara með stjórnina á Gasasvæðinu, og Fatah-hreyfingarinnar, sem heldur um stjórnartaumana á Vesturbakkanum, hefur verið nánast algjör síðan sumarið 2007 þegar mannskæð átök brutust út milli þeirra.

Æ síðan hafa fulltrúar þessara tveggja helstu hreyfinga Palestínumanna þó reynt að ná samkomulagi, sem gæti gert þeim kleift að starfa saman á ný.

Háttsettir ráðamenn beggja fylkinga hittust nú síðast á fundum í Damaskus í Sýrlandi fyrr í mánuðinum og ætla að halda áfram viðræðum þótt engin lausn hafi fundist á erfiðasta deilumálinu, sem er öryggismálin.

Stóra málið í Palestínu

„Þetta er stóra málið í Palestínu í dag,“ segir Sveinn Rúnar Hauksson, læknir og formaður félagsins Ísland-Palestína, sem nýlega var á ferð um Gasasvæðið þar sem hann hitti að máli marga helstu leiðtoga bæði Hamas og Fatah.

„Þó að aðrir flokkar og hópar takist á er klofningurinn milli Hamas og Fatah miklu alvarlegri, því á meðan geta Palestínumenn sig hvergi hreyft. Þeir eru ekki í neinni samningsstöðu fyrr en þeir hafa leyst þetta mál.“

Sveinn Rúnar segir samtökin reyndar hafa verið langt komin með drög að samkomulagi, og töluverð bjartsýni hafi verið bundin við fundina í Damaskus.

„Þeir voru í raun búnir að semja um að gera ekkert í öryggismálum fyrr en eftir kosningar.“

Djúpstæður ágreiningur

„Ágreiningurinn er mjög djúpstæður,“ segir Sveinn Rúnar. „Og hann stafar að miklu leyti af því að Hamas-samtökin eru ekki í PLO, Frelsissamtökum Palestínu.“

PLO-samtökin hafa í tæpa tvo áratugi verið viðurkennd á alþjóðavettvangi sem réttmætur fulltrúi Palestínubjóðarinnar, allar götur síðan 1993 þegar Bandaríkjamenn og Ísraelar hættu að líta á þau sem hryðjuverkasamtök, enda höfðu PLO-samtökin, undir forystu Jassers Arafat, þá viðurkennt tilverurétt Ísraels og lýst því yfir að ofbeldi og hryðjuverkum yrði ekki framar beitt gegn Ísrael.

„Það er PLO sem er samningsaðilinn í friðarviðræðum. Félagið Ísland-Palestína viðurkennir til dæmis eingöngu PLO sem hinn lög-mæta fulltrúa þjóðarinnar – ekki stjórnina í Ramallah og ekki forseta Palestínustjórnar,“ segir Sveinn Rúnar.

Heildarsamtök

PLO eru eins konar regnhlífarsam-

tök sem fjölmörg önnur samtök Palestínumanna eiga aðild að. Stærst þeirra eru Fatah-samtökin, sem Arafat stjórnaði og Abbas á eftir honum. Hamas-samtökin eiga hins vegar ekki aðild að PLO.

„Staðan er sú að PLO eiga að vera heildarsamtök palestínsku þjóðarinnar, en þau eru það ekki meðan jafn stór og öflug samtök og Hamas eru ekki þar innanborðs,“ segir Sveinn Rúnar.

Hamas-menn, sem árið 2006 hlutu flest atkvæði í kosningum til Palestínustjórnar, gagnrýna Fatah fyrir að hafa þegið peninga, vopn og aðstoð við þjálfun sérsveita lögreglunnar, bæði frá Ísraelum og Bandaríkjamönnum. Afleiðingarnar urðu þær að stundum sáu Hamas-menn engan mun á hernámi Ísraela og löggæslu Fatah-samtakanna.

Alþjóðasinnar

„Fatah gagnrýnir á hinn bóginn Hamas fyrir að vera aðili að Bræðralagi múslima frekar en að líta á sig sem þjóðleg samtök Palestínumanna. Þeim sé í raun sama um örlög palestínsku þjóðarinnar því þeir séu alþjóðasinnar og líti svo á að allir arabar séu ein þjóð.“

Sveinn Rúnar segir að Fatah krefjist þess að Hamas breyti stofnskrá sinni þannig að þau verði þjóðleg samtök Palestínumanna, ekki hluti af alþjóðahreyfingu múslima. Um þetta sé ágreiningur innan Hamas. „En

þegar ég ræði við Ismael Haniyeh, leiðtoga Hamas á Gasasvæðinu, þá kemur skýrt fram hjá honum að hann telur að Hamas eigi að vera þjóðleg samtök sem styðji fjölflokka lýðræði.“

Haniyeh ræður þessu hins vegar ekki einn, og sterk öfl innan Hamas geta ekki hugsað sér annað en að berjast fyrir sameiningu allra múslima í eitt ríki.

Tortryggni Bandaríkjamanna

Bandaríkjamenn hafa lýst áhyggjum sínum af viðræðum Hamas og Fatah, og hefur tortryggni þeirra vakið nokkra furðu þeirra sem vilja Palestínumönnum vel.

Fyrir rúmu ári fullyrti George Mitchell, fulltrúi Bandaríkja-stjórnar í Mið-Austurlöndum, við Egypta að Bandaríkin myndu ekki styðja það samkomulag sem þá voru komin drög að, vegna þess að það gæti torvelað friðarviðræður Palestínumanna og Ísraela.

Mitchell gerði þá kröfu að samkomulagið yrði í fullu samræmi við þær forsendur sem kvartettinn svonefndi gengur út frá, en hann er skipaður fulltrúum Sameinuðu þjóðanna, Evrópusambandsins, Bandaríkjanna og Rússlands til að hafa eins konar umsjón með friðarviðræðum Ísraela og Palestínumanna.



SVEINN RÚNAR OG ISMAIL HANIYEH Myndin er tekin þegar Sveinn Rúnar var staddur á Gasaströndinni nýverið.

Tímaröð atburða

2005

janúar
febrúar
mars
apríl
maí
júní
júlí
ágúst
september
október
nóvember
desember

Janúar 2005

Mahmoud Abbas sigrar í forsetakosningum, tveimur mánuðum eftir lát Jassers Arafat.



2006

janúar
febrúar
mars
apríl
maí
júní
júlí
ágúst
september
október
nóvember
desember

Janúar 2006

Hamas vinnur óvæntan sigur í þingkosningum.

Mars 2006

Hamas myndar ríkisstjórn í krafti þingmeirihluta án þátttöku Fatah. Ismail Haniya verður forsætisráðherra.



Júní 2007

Harðir bardagar brjótast út milli liðsmanna Hamas og Fatah á Gasasvæðinu. Abbas rekur Haniya og myndar bráðabirgðastjórn í Ramallah, en Hamas rekur öryggissveitir Fatah frá Gasasvæðinu.

Janúar 2009

Kjörtímabil Abbas rennur út, en hann ákveður að sitja áfram þar til nýjar þing- og forsetakosningar verða haldnar.

Febrúar 2009

Egyptar hafa milligöngu um sáttaviðræður milli Hamas og Fatah.

Október 2009

Drög að samkomulagi eru kynnt en alvarleg ágreiningsmál eru þó enn óútkljáð.

Gagnvart Palestínumönnum lúta þær forsendur ekki síst að því að þeir viðurkenni tilverurétt Ísraels-ríkis, viðurkenni fyrri samninga og afneiti öllum áformum um að beita ofbeldi.

Harðir íslamistar

Rétt eins og meðal Ísraela eru háværir og stundum ofbeldisfullir öfgamenn, sem geta ekki hugsað sér að Palestínumenn hafi stundinni lengur nein yfirráð yfir helgum stöðum úr ævafornni sögu gyðinga, þá eru meðal Palestínumanna einnig háværir og hættulegir öfgamenn sem geta ekki hugsað sér neina samninga við Ísrael.

Sveinn Rúnar hefur á ferðum sínum átt viðræður við slíka menn og dregur ekkert úr því að afstaða þeirra geti verið skaðleg málstað Palestínumanna.

„Ég hef hitt harða íslamista á Gasa og það eina sem þeir hugsa um er bræðralag allra múslima. Þeim er í rauninni alveg sama um palestínsku þjóðina. En þetta er ekki alltaf afstaða forystumanna Hamas.“

Viðurkenning í reynd

Sveinn Rúnar segir að þótt formlega hafi Hamas ekki breytt neinu í stofnskrá sinni hafi samtökin í reynd viðurkennt ramma Oslóar-samkomulagsins.

„Það kom skýrt fram strax þegar ég haustið 2003 heimsótti Sheikh Yassin, þennan aldna stofnanda og leiðtoga samtakanna, hálfu ári áður en Ísraelar myrtu hann í hjólastólnum sínum. Hann setti fram þessa stefnu um að viðurkenna Ísrael innan landamæranna frá 1949 ef þeir drægju sig til baka af svæðunum sem þeir hertóku árið 1967. Þannig að í reynd hafa þeir verið með viðurkenningu á Ísrael.“

Öryggismálin erfiðust

Erfiðasta deilumál Hamas og Fatah hefur verið fyrirkomulag öryggismála, og á þeim strönduðu viðræðurnar nú síðast.

Sveinn Rúnar segir að fyrir fundina í Damaskus hafi meðal þeirra Palestínumanna sem hann ræddi við á ferðum sínum á Gasa ríkt töluverð bjartsýni á að samkomulag myndi takast.

„Það eina sem stóð út af var öryggismálin, en þeir voru í raun búnir að semja um að gera ekkert í öryggismálum fyrr en eftir kosningar.“

Samkomulagsdrögin, sem gerð hafa verið fyrir milligöngu Egypta, gera ráð fyrir því að efnt verði til kosninga sex mánuðum eftir að Hamas hefur undirritað skjalið.

„Hugmyndin var sú að sá sem ynni í kosningunum myndi ákveða fyrirkomulag öryggismálanna. Þeir áttu þó eftir að semja um bráðabirgðafyrirkomulag öryggismála sem ætti að gilda þangað til eftir kosningar.“

Vandinn er sá að Hamas-samtökin eru með sínar eigin öryggissveitir, sem ekki hafa heyrt með neinum hætti undir Palestínustjórnina í Ramallah, þar sem Fatah ræður ríkjum.

„Fyrirkomulag öryggismála þeirra er mjög ólíkt. Ramallah-megin er þetta voðalegur frumskógur. Arafat var sagður hafa tólf eða þrettán leyniþjónustur á sínum vegum og þeir hafa fengið aðstoð frá Bandaríkjamönnum. Þetta hefur ekki beint þótt vænlegur félagsskapur fyrir þá sem eru á Gasa, en þar er þessum málum háttað á allt annan veg. Þar er þjónustan til dæmis alfarið innlend, og samkomulagið gengur út á að svo verði áfram.“

Kosningarnar mikilvægastar

Gagnkvæm tortryggni er enn mikil og alls óvíst hvort nokkurt samkomulag tekst, en mikið er í húfi fyrir Palestínumenn.

„Þeim er ekki stætt á öðru en að ná saman, þessum tveimur stóru fylkingum, svo hægt verði að efna til kosninga. Hamas-menn fengu á sínum tíma góðan meirihluta í kosningum, svo þess vegna var alveg fráleitt að tala um valdarán Hamas eins og gert hefur verið. Það er mikið atríði að Ísland og önnur lönd virði kosningaúrslit, alveg sama hvað mönnum kann að finnast um þá sem sigra. Þess vegna er fyrir meðan allar hellur að Ísland skuli hafa tekið þátt í að sniðganga Hamas-samtökin,“ segir Sveinn Rúnar, sem hefur meðal annars hvatt til þess að Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra haldi til Gasa og eigi viðræður við alla aðila.



Á FUNDUM Í DAMASKUS Mussa Abu Marzug frá Hamas og Azzam al-Ahmed frá Fatah tókst ekki að ná samkomulagi nú í mánuðinum, en viðræðum verður haldið áfram.

NORDICPHOTOS/AFP

Guðsteinn Bjarnason

gudsteinn@frettabladid.is



exquisit

KGC-270/45
✓ Kælir 171 lítrar og frystir 41 lítrar
✓ Orkuflokkur A
✓ Sjálfvirk affrýsting í kæli
✓ HxBxD: 143x54x58 cm
✓ Verð áður kr 74.900

143
CM



ÞÚ SPARAR
20.000

Verð nú
54.900

exquisit

KGC330/100
✓ Kælir 144 lítrar og frystir 65 lítrar
✓ Orkuflokkur A+
✓ Sjálfvirk affrýsting í kæli
✓ HxBxD: 161x55x58 cm
✓ Verð áður kr 94.900

161
CM



Silfurlitaður

ÞÚ SPARAR
25.000

Verð nú
64.900

exquisit

KGC-300/70
✓ Kælir 205 lítrar og frystir 68 lítrar
✓ Orkuflokkur A+
✓ Sjálfvirk affrýsting í kæli
✓ HxBxD: 177x55x58 cm
✓ Verð áður kr 99.900

177
CM



Silfurlitaður

ÞÚ SPARAR
25.000

Verð nú
74.900

Electrolux

ERB-34233X / ERB-34233W
✓ Kælir 223 lítrar og frystir 92 lítrar
✓ Orkuflokkur A+
✓ Fresh Zone kælikúfa 2°C fyrir kjöt/fisk
✓ HxBxD: 175x59,5x63 cm
✓ Verð áður kr 149.900

175
CM



Stál eða hvítur

ÞÚ SPARAR
35.000

Verð nú
114.900

KULDA KAST!

VERÐ FYRIR NEÐAN FROSTMARK!

exquisit

GT-261
✓ 205 lítra frystikista í A+ orkuflokki
✓ Hitastillir
✓ Grind fylgir
✓ HxBxD: 82x95x56 cm
✓ Verð áður kr 84.900

A+
ORKA



95 lítrar

ÞÚ SPARAR
20.000

Verð nú
39.900

exquisit

GT-111
✓ 95 lítra frystikista í A+ orkuflokki
✓ Hitastillir
✓ 1 grind fylgir
✓ HxBxD: 86x54x54,5 cm
✓ Verð áður kr 59.900

A+
ORKA



205 lítrar

ÞÚ SPARAR
25.000

Verð nú
59.900

exquisit

KS-90RVA
✓ Lítil og nettur kæli í borðhæð
✓ Kælir 75 lítrar
✓ Orkuflokkur A+
✓ HxBxD: 84,5x47,5x44 cm
✓ Verð áður kr 49.900

ÞÚ SPARAR
20.000

Verð nú
29.900



exquisit

GS-240WTA
✓ 165 lítra frystiskapur (nettó)
✓ Orkuflokkur A
✓ 6 skúffur
✓ HxBxD: 144x54x58 cm
✓ Verð áður kr 84.900

84
CM



ÞÚ SPARAR
20.000

Verð nú
39.900

exquisit

GS-11A
✓ 80 lítra frystiskapur (nettó)
✓ Orkuflokkur A
✓ 4 skúffur
✓ HxBxD: 84x55x56 cm
✓ Verð áður kr 59.900

144
CM



ÞÚ SPARAR
25.000

Verð nú
59.900

exquisit

KS-325
✓ 240 lítra kæli
✓ Orkuflokkur A
✓ Sjálfvirk affrýsting í kæli
✓ HxBxD: 143x55x58 cm
✓ Verð áður kr 69.900

143
CM



ÞÚ SPARAR
10.000

Verð nú
59.900

exquisit

KS-420
✓ Toppgerð frá Exquisit með 350 lítra kæli
✓ Super Cool hraðkæling og vífta
✓ Stafræn hitastýring og skjár
✓ HxBxD: 175x59,5x64 cm
✓ Verð áður kr 149.900

175
CM



Stál eða hvítur

ÞÚ SPARAR
50.000

Verð nú
99.900

Rafha

Opið
Opið virka daga 10-18
laugardag 11-16

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

Dauðaslys í umferðinni eru aldrei ásættanleg.

Gera verður ráð fyrir mistökum

Núllsýn í umferðarmálum gengur út á að ekki eigi að sætta sig við dauðaslys í umferðinni og allt skuli gert til að koma í veg fyrir að þau eigi sér stað. Þessa sýn kynnti Claes Tingvall, yfirmaður umferðaröryggisdeildar Trafikverket í Svíþjóð, á umferðarþingi í vikunni sem leið.

Í fyrstu kann núllsýn að virðast algerlega óraunhæf en þegar að er gáð þá snýst hún aðeins um það að núllstilla viðunandi fórnarkostnað í lífi og heilsu vegfarenda sem er hreint ekki út í hött. Hvert líf skiptir nefnilega máli og verður ekki metið til fjár.

Hverju þarf að breyta til þess að unnt sé að koma í veg fyrir slys og gera þessa sýn raunhæfa? Baráttan gegn umferðarslysum snýr að tvennu. Annars

vegar umferðarmannvirkjum og hins vegar aksturslagi, þ.e. bæði þeim reglum sem fara á eftir í umferðinni og umferðarmenningunni sem snýr þá að því hversu vel við förum eftir reglunum og skynsöm og tillitssöm við erum að öðru leyti í umferðinni.

Íslendingar eru í raun býsna langt komnir í baráttunni gegn dauðaslysum. Meðalfjöldi dauðaslysa undanfarin ár hefur verið um 20 en frá árinu 2007 hefur náðst hér markverður árangur í fækkun dauðsfalla í umferðinni. Þegar sléttur mánuður er eftir af árinu 2010 eru fórnarlömb umferðarslysa orðin sex talsins sem er met en engu að síður sex fórnarlömbum of mikið.

Það er dýrt að byggja, breyta og breikka vegi og alltaf má deila um það hvernig best sé að verja því fé sem fer til uppbyggingar vegakerfisins. Hingað til hafa byggðasjónarmið iðulega vegið þyngra en umferðarþungi. Þannig eru fjölfarnir hlutar af þjóðvegi 1 hér á suðvesturhorninu aðeins með eina akrein í hvora átt. Claes Tingvall benti á það í viðtali við Fréttablaðið um helgina að hæfilegur hámarkshraði á slíkum vegi er 50 til 60 kílómetrar á klukkustund. Er ekki kominn tími til að við horfumst í augu við þetta? Það verður að aðlaga hraðann að því mannvirki sem vegurinn er og umferðarþunganum. Enginn er óskekull, ekki heldur reyndustu og flinkustu bílstjórar. Þess vegna verður alltaf að gera ráð fyrir mannlegum mistökum og þau rúmast illa á 90 kílómetra hraða á vegi með eina akrein í hvora átt og þéttri umferð á móti.

Ljóst er að vegabætur verða ekki hraðar á næstu árum. Því þarf að taka afstöðu til hámarkshraða á hverjum stað. Vera kann að forsvaranlegt sé að hann sé 90 kílómetrar á klukkustund þar sem ein akrein er í hvora átt á vegum þar sem umferð er ekki mjög þétt, en jafnljóst að hægja ber á umferðinni á slíkum vegum þar sem umferðarþungi er mikill.

Þetta eru hinir ytri rammar. Hinir innri eru þó ekki minna um verðir. Þeir snúast um að hver og einn ökumaður líti í eigin barm og taki ábyrga afstöðu fyrir sig og um leið aðra vegfarendur; horfið í augu við að enginn er óskekull og að alltaf verður að haga akstri miðað við aðstæður. Akstur má aldrei vera á þann veg að ekkert megi út af bregða án þess að illa fari. Það verður alltaf að gera ráð fyrir mistökum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edvald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

SYNGDU MEÐ
ÞÍNU NEFI!

Söfnunar- og skemmtipáttur
3. desember á Stöð 2

ÞAGUR
RAUÐA
NEFSINS
3. DES'10

unicef



www.rauttnef.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ekki í fyrsta sinn

Margir biða í ofvæni eftir því að Kristinn Hrafnsson og félagar á Wikileaks birti hundruð skjala sem lekið var úr bandaríska sendiráðinu á Íslandi. Meðal þeirra hlýtur að vera Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra, sem sagði í gær að líklega innihéldu gögnin einhliða mat bandarískra erindreka á persónum úr íslenskum stjórnarmálum. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem slík gögn leka úr bandaríska sendiráðinu hérlandis. Í mars láku á netið

slíkar svipmyndir af Össuri, Jóhönnu Sigurðardóttur og Albert Jónssyni sendiherra.

Erfiður vinur

Í þeim gögnum var Össuri lýst sem miklum vini Bandaríkjanna, þótt hann ætti það til að vera bráðlátur og tæki oft dramatíska og tilþrifa-mikla afstöðu gegn stefnu Bandaríkjanna – til dæmis í málefnum Mið-Austurlanda.

Orða vant

Össur var ekki ánægður með lekan í mars. Hann sagði hann grafalvarlegan, með ólíkindum og algjörlega óviðunandi. Samt sagðist hann tæpast eiga orð til að lýsa vanþóknun sinni. Þá var um örfá skjöl að ræða, sem sneru að fáum íslenskum stjórnmalamönnum – þótt hann væri sjálfur þeirra á meðal. Nú eru skjölin sem áður segir mörg hundruð. Hversu reiður ætli Össur verði þegar hann les þau öll? stigur@frettabladid.is



HALLDÓR



Alþingi fær málskotsrétt til forseta

Forsetinn



Svavar Gestsson
fyrirv. formaður
Alþýðu-
bandalagsins

Forseti Íslands lýsti því yfir á dögunum að hann ihugaði að setja Icesave-málið aftur í þjóðaratkvæði. Hann dró ummæli sín ekki til baka í yfirlýsingu frá forseta-skrifstofunni sama dag eins og hann hefði getað gert en vildi greinilega ekki gera.

Þar með hefur hann í raun afnumið þingræðið í þessu máli – og hann getur það í fleiri málum. Nú er vitað að niðurskurður í heilbrigðismálum úti á landi er afar óvinsælt mál þar. Verður fjárlagafrumvarpið sent til þjóðaratkvæðis?

Rökrétt afleiðing af þessari afstöðu forsetans væri sú að framvegis byrjaði Alþingi á því að spyrja forsetann áður en mál væri til meðferðar á Alþingi hvort líklegt væri að forsetinn myndi fallast á málið eða ekki. Alþingi hefur málskotsrétt til forsetans. Hvernig ætlar Alþingi að höggva á þennan hnútt?

Forsetinn getur tekið sér þetta vald gagnvart Alþingi af því að Alþingi er svo óvinsælt – meðal annars fyrir málflutning þingmannanna sjálfra – að enginn mun taka upp hans kann fyrir Alþingi. Ólafur mun því halda áfram; hann verður eins og Pútín og

Medvedjeff í einum og sama manninum. Forsetinn getur líka komist upp með þetta vegna þess að það er ekki bannað í stjórnarskránni, engin skýr lög hafa verið sett um forsetaembættið. Þau þarf að setja og það er vel hægt að setja lög um forsetaembættið á grundvelli stjórnarskrárinnar eins og hún er.

Þetta er ekki skrifað hér í hálfkæringi og enn síður í gríni. Hér er komið að kjarna lýðræðisins, þingræðinu: Viljum við þingræði eða viljum við eitthvað allt annað?

Sú stjórnskipun sem Ólafur Ragnar hefur skapað hefur ekkert nafn því hvergi á jörðinni er þingið svo lítillsígt að það þurfi að biðja um leyfi hjá þjóðhöfðingjum til þess að fá að samþykkja mál. Unir Alþingi þessu eða er það kannski orðið alger drusla?

Ólafur Ragnar hefur setið í 16 ár, fjögur kjörtímabil. Hann gengst upp í því að setja söguleg met. Hann mun bjóða sig fram til fimmta kjörtímabilsins og hann hefur fundið pottþetta aðferð til að tryggja sér kosningu: Hann setur erfið mál í þjóðaratkvæði.

Utanríkisstefna óskhyggjunnar



Í DAG
Sverrir Jakobsson
sagnfræðingur

Núverandi ríkisstjórn hefur að ýmsu leyti sérstöðu á sviði utanríkismála enda stjórnarflokkarnir með mjög ólíka stefnu í þeim málaflokki. Þetta hefur verið áberandi í tengslum við Evrópusambandið og aðildarumsókn Íslands að því. Þetta á ekki síður við varðandi afstöðuna til NATO. Samfylkingin styður aðild að þessu hernaðarbandalagi og reiðir sig þar á stuðning stjórnarandstöðuflokkanna, einkum Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks.

Þessi stefna er afleiðing seinustu kosningaúrslita og það er ekkert óeðlilegt að flokkar sem eru ósammála í þessu máli komi sér saman um að mynda ríkisstjórn til að koma fram öðrum málum. Finna má dæmi um þetta frá ýmsum öðrum ríkjum, t.d. Danmörku, þar sem utanríkispolítískir meirihlutinn var annar en ríkisstjórnarmeirihlutinn á níunda áratugnum. Á hinn bóginn er engin ástæða til að breiða yfir þennan ágreining eða láta eins og hann sé ekki til. Viðleitni til þess má finna í skrifum forsætisráðherra og utanríkisráðherra að undanfögnu. Þar reyna þau að gera NATO aðlaðandi í augum friðarsinna með því að gefa til kynna að bandalagið hafi breyst. Nánari athugun á málavöxtum styður hins vegar ekki þá skoðun.

Það er rétt að eftir að hann var kjörinn Bandaríkjaforseti gaf Barack Obama til kynna að hann hygðist breyta verulega um stefnu varðandi vígbúnað og afvopnun. Stærsta breytingin var sú að Bandaríkin hafa nú gert kjarnorkuafvopnun að loka-markmiði sínu. Fyrir yfirlýsingar sínar í þessum málum fékk

Obama friðarverðlaun Nóbels 2009. Sú viðurkenning var þó of snemmbær. NATO-fundurinn á dögunum samþykkti stefnu sem er í meginatriðum sú sama og var ákvörðuð á svipuðum fundi 2008, þegar George W. Bush var Bandaríkjaforseti. Sérstaklega er eftirtektarvert að ekki skuli hróflað við kjarnorkustefnu bandalagsins.

Ef mark væri takandi á yfirlýsingum Obamas um kjarnorkuafvopnun hefði NATO getað stigið ýmis skref í átt að kjarnorkuafvopnun. Í fyrsta lagi með

þriðja heimsins og þar af leiðandi mikinn meirihluta jarðarbúa.

Í öðru lagi hefði bandalagið lagt eitthvað að mörkum til að draga úr útbreiðslu kjarnorkuvopna, með því að flytja bandarísk kjarnorkuvopn frá Þýskalandi, Ítalíu, Hollandi, Belgíu og Tyrklandi. Engin slík ákvörðun var þó tekin. Í því ljósi eru yfirlýsingar um andstöðu við útbreiðslu kjarnorkuvopna markleysa. Í þeim felst ekki annað en að Bandaríkin vilja taka sér einokunarrétt á því að breiða út kjarnorkuvopn.

Par reyna þau að gera NATO aðlaðandi í augum friðarsinna með því að gefa til kynna að bandalagið hafi breyst. Nánari athugun á málavöxtum styður hins vegar ekki þá skoðun.

Því að falla frá núverandi stefnu sem felur í sér að bandalagið áskilur sér rétt til að beita kjarnorkuvopnum að fyrri bragði. Það gerðist ekki heldur rígheldur NATO í þá stefnu. Þetta gerir það að verkum að eldflaugavarna-kerfi sem bandalagið kemur sér upp verður ekki skilgreint öðruvísi heldur en sem árásarkerfi. Með þessu kerfi kemur bandalagið sér upp aðstöðu til að gera kjarnorkuárásir á önnur lönd án þess að þurfa að óttast gagnárás. Slíkt er ögrun við öll kjarnorkuveldi sem standa utan þessa samkomulags, þ.á m. Kína, Indland og Pakistan. Það felur einnig í sér aukna hótun um árás á hvert það ríki sem Bandaríkin ákveða að skilgreina sem óvinaríki hverju sinni, óháð því hvort það hafi yfir kjarnorkuvopnum að ráða eða ekki. Eina breytingin á fyrri samþykktum um eldflaugavarnir er aukið samráð við Rússland. Í því felst þó afar lítið framfaraspur því að eftir sem áður mynda slíkar eldflaugavarnir ógn við öll ríki

Í þriðja lagi gætu NATO-ríkin hafa tekið ákvörðun um að styðja framvegis við bakið á einni af þeim tillögum sem reglulega koma fyrir allsherjarþing Sam-einuðu þjóðanna, um að ríkjum heimsins beri að ná samkomulagi um að banna hvers konar framleiðslu og meðferð kjarnorkuvopna, ekki síst beitingu kjarnorkuvopna eða hótun um að beita þeim. Jafnframt beri að útrýma slíkum vopnum hið bráðasta. Hingað til hafa NATO-ríkin, ásamt Rússlandi, tilheyrt fámennum minnihlutahópi ríkja sem standa gegn slíkum tillögum. Ástæða væri til þess að fagna ef NATO-ríki tækju skref til þess að vinna að friði í heiminum í stað þess að vera ein helsta ógnin við hann. En það er ekki nóg að tala um að þjóðir vilji frið og afvopnun þegar þær eru ekki reiðubúnar að stíga örmá skref í þá átt. Hvað varðar „friðarbandalagið“ NATO þá hefur bilið á milli orða og athafna aldrei verið breiðara.

Þátttökulýðræði og menntun

Stjórnlagaping

Ingibjörg Stefánsdóttir
verkefnastjóri



Í aðdraganda Stjórnlagapings og Reyndar allt frá Hruni hefur mikið verið rætt um lýðræði. Um þátttöku almennings í stjórnmálum og ákvarðanatöku. Það er spennandi umræða og mikilvæg. Hún hefur þó stundum verið dálítið einhliða. Mig langar að velta upp einu atriði sem þessu tengist en það er menntun.

Ég hef þá kenningu, sem reyndar er studd óteljandi rannsóknum, að því meiri menntun sem fólk hafi, því meiri líkur séu á því að það taki þátt í lýðræðinu á virkan hátt. Þetta sýna bæði danskar, breskar og bandarískar rannsóknir.

Ég hef starfað í fullorðinsfræðslu í nokkur ár, einkum þó að menntun þeirra sem stysta menntun hafa, og þetta kemur mér ekki á óvart. Margir þeirra sem stysta menntun hafa nota ekki eða lítið tölur, veigra sér við að senda eitthvað frá sér skriflega, lesa lítið sem ekkert og þannig mætti lengi telja. Það þarf hins vegar ekki að þýða að skoðanir þeirra og viðhorf séu eitthvað minna virði en okkar sem erum meira fyrir að tjá okkur skriflega, höfum áhuga á pólitík og notum mikinn tíma til þess að fylgjast með og tjá okkur um pólitík. Það þýðir hins vegar alveg örugglega að það eru minni líkur á því að þetta fólk taki þátt

í umræðunni á Skuggabíngi, Betri Reykjavík eða öðrum þeim vefsíðum sem kunna að verða settar upp til að stuðla að þátttöku almennings í ákvörðunum.

Það eru líka minni líkur á því að fólk með stutta menntun að baki hafi aflað sér upplýsinga um framþjóðendur til stjórnlagapings á netinu. Almennir eru minni líkur á því að þessi hópur taki þátt í opinberri umræðu um stjórnmál.

Það þýðir líka að það er minna mark tekið á þeim sem tjá sig, skriflega, á netinu án þess að vera vanir/vanar því að skrifa um sínar hugmyndir. Það er minna mark tekið á þeim sem orða hlutina ekki vel og gera stafsetningar- og málfræðivillur heldur en þeim sem eru vanari að tjá sig skriflega. Því get ég lofað. Það er ekki sanngjarnt en þannig er það. Alveg eins og fyrir 109 árum þegar Pjetur G. Guðmundsson langafi minn stofnaði leshring verkamanna. Leshring sem hafði það verkefni að þjálfa þátttakendur í að tjá sig, munnlega og skriflega. Því eins og Pjetur benti á dæmir fólk formið en ekki innihaldið.

Þetta þarf ekki að þýða að við eigum ekki að leggja áherslu á þátttökulýðræði. Nei, það sem þetta þýðir er að ef við viljum auka lýðræði í landinu þurfum við líka að auka menntun. Þetta benti Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra á nýlega á ráðstefnu símenntunar-miðstöðva. Þar sagði hún að lýðræðisrökin væri mikilvæg rök fyrir því að leggja áherslu á fullorðinsfræðslu. Ég er sammála henni um það.

AF NETINU

25% af launum í aukakostnað vegna krónunnar

Vextir hér eru og verða alltaf a.m.k. 5% hærri vegna krónunnar. Vextir leiða til herra verðlags. Östöðugur gjaldmiðill leiðir til enn herra verðlags. Það eru aðstæður og skilyrði sem ákvarða hvort fyrirtæki vaxa og dafna. 25% af launum Íslendinga fara í aukakostnað vegna krónunnar. Til þess að hafa svipuð laun og annarsstaðar á norðurlöndunum þurfum við að skila 25% lengri vinnuviku. Ef fjölskylda sem kaupir sér eitt hús á Íslandi og önnur kaupir sér hús t.d. í Danmörku. Þá er staðan sú eftir 20 ár að þá hefur íslenska fjölskyldan greitt sem svarar andvirðis tveggja húsa, séu greiðslur bornar saman við endurgjald dönsku fjölskyldunnar.

gudmundur.eyjan.is

Guðmundur Gunnarsson

Auðveldaðu viðskiptin með Staðgreiðslulánunum Borgunar

Staðgreiðslulán Borgunar eru einföld leið fyrir verslanir til að bjóða viðskiptavinum sínum að dreifa greiðslum á kreditkort í allt að 48 mánuði. MasterCard og VISA korthafar eiga kost á að nýta sér þessa greiðsluleið.

Kostir Staðgreiðslulána

- Bætt þjónusta
- Engin þjónustugjöld
- Uppgjör á öðrum degi
- Borgun ábyrgist uppgjör til seljanda

Hafðu samband við okkur í síma 560 1600 eða á fyrirtaeki@borgun.is og kynntu þér kosti lánanna.



BORGUN

Ármúla 30 • 108 Reykjavík
Sími 560 1600 • www.borgun.is



Náttúruvernd og ferðaþjónusta

Náttúruvernd

Svandís Svavarsdóttir
umhverfisráðherra



lifa náttúruna, sem er mjög ólíkt því sem þekktist í þéttbýlli löndum. Náttúra Íslands er óneitanlega stórfengleg, með eldfjöllum sínum, jöklum og fossum, en hún getur líka verið viðkvæm.

Ástand friðlýstra svæða

Nýleg greinargerð Umhverfisstofnunar um ástand friðlýstra svæða hefur vakið mikla athygli. Í henni er fjallað um okkar þekktustu ferðamannastaði sem margir hverjir hafa látið á sjá og nauðsynlegt þykir að grípa til ráðstafana ef þeir eiga ekki að missa verndargildi sitt. Geysissvæðið og Gullfoss eru hér á meðal, auk Landmannalauga og Mývatns. Þessi svæði eru meðal okkar dýrmætustu náttúru-gersema.

Þetta er áhyggjuefni, en vandinn er fyrst og fremst bundinn við afmörkuð svæði og því er hægt að

bregðast við honum. Bætt landvarsla, skipulag, aðstaða og stíga-gerð eru ekki óyfistíganlega fjárfrekar aðgerðir, en geta skilað miklu. Það er hins vegar ekki kostur í stöðunni að gera ekki neitt. Sinnuleysi um náttúruvernd okkar er vont fyrir framtíð ferðaþjónustu og þá mynd sem við viljum skapa af Íslandi sem ferðamannalandi. Frá sjónarhóli náttúruverndar er það einnig óásættanlegt.

Umhverfisstofnun bendir á ýmsar leiðir til að bæta ástandið sem fæstar eru mjög dýrar. Kostnaður við náttúruvernd er að mestu leyti fjármagnaður af skattfé, enda er náttúra landsins ein okkar dýrmætasta eign sem þjóðar. Það er hins vegar eðlilegt að kostnaður við aðstöðu og umbætur á fjölsóttum ferðamannastöðum sé á einhvern hátt borinn af ferðamönnum. Það er í samræmi við nytjagreiðslu-

regluna svokölluðu, sem er einn af hornsteinum umhverfisréttar, og það er í samræmi við almenn sanngirnissjónarmið.

Umræða um gjaldtöku

Ferðamenn sýna hóflegri gjaldtöku oftast skilning ef þeir sjá að fénu er sannanlega varið í góða aðstöðu og metnaðarfulla vernd náttúrunnar sem þeir koma til að upplifa. Það eru hins vegar skiptar skoðanir um hvaða fyrirkomulag er best í þessu sambandi. Umræðan um þessi mál er brýn í ljósi vaxandi fjölda ferðamanna og aukinnar kröfu um náttúruvernd. Ferðamenn eru ekki ógn við náttúruvernd, heldur má segja þvert á móti að vaxandi ferðaþjónusta styrki kröfuna um náttúruvernd. Fyrirhyggjuleysi við móttöku ferðamanna er hins



Ferðamenn sýna hóflegri gjaldtöku oftast skilning

vegar ógn. Vanbúnaður í þeim efnum getur valdið skemmdum á náttúru Íslands og takmarkað möguleika ferðaþjónustu til vaxtar.

Markmið okkar er að Ísland verði eftirsóttur áfangastaður fólks sem

vill sjá stórbrotna náttúru og víðerni en njóta um leið öryggis og þæginda. Við megum aldrei taka Gullfossi, Geysi, Mývatni, Skaftafelli, Þingvöllum og öðrum vinsælustu náttúruperlum okkar sem sjálfsögðum hlut. Þær eru hluti af okkar þjóðararfi og þær eru andlit okkar gagnvart umheiminum. Náttúrufergurð Íslands er grundvöllur ferðaþjónustunnar og mun vera það áfram um langa framtíð, svo fremi að við berum gæfu til að vernda náttúruna gegn átroðningi og búa henni umgjörð við hæfi.

Ylræktarver við jarðgufuvirkjanir gjörbreytir orkunýtingu

Orkumál

Sigurður Grétar Guðmundsson
vatnsvirkjameistari og orkuráðgjafi, Þorlákshöfn



Í lok september birti Fréttablaðið grein eftir mig undir fyrirsögninni „Notkun á jarðgufu eingöngu til raforkuframleiðslu er hrikaleg rányrkja á auðlind“. Ég benti þar á að í tveimur jarðorkuverum er nýtingin til fyrirmyndar, annars vegar á Nesjavöllum og hins vegar á Svartsengi. Á Nesjavöllum er gufuaflíð fyrst látið snúa túrbínun sem framleiða rafmagn, síðan er gufan látin hita upp vatn í varmaskiptum. Það vatn nægir til að hita upp öll hús í Kópavogi, Garðabæ. Hafnarfirði og Álftanesi. En þá er nýting orkunnar komin upp í 85%. Þá sagði ég að tæplega væri hægt að komast lengra í nýtingu.

En þar skjátladist mér því jarðgufuvirkjunin á Svartsengi á líklega heimsmet í nýtingu jarðgufu. Þar er framleidd raforka með túrbínun, þar á eftir hitað upp vatn í varmaskiptum sem hitar upp öll hús á Suðurnesjum. En þar með er ekki öll sagan sögð. Eftir að gufan hefur farið í gegnum varmaskiptana þéttist hún og verður að vatni sem hefur samt enn í sér mikinn varma. Þetta vatn myndar Bláa lónið, þá viðfrægu bað- og heilsulind.

Og ekki nóg með það; úr vatninu eru unnin margs konar heilsuefni sem m.a. vinna gegn psoriasis og fleiri húðkvillum.

Ég benti á það í minni fyrri grein að í Kröfluvirkjun væri hrikaleg soun á auðlind, þar er aðeins frameitt rafmagn og gufunni síðan kastað með ærinni fyrirhöfn. Ég benti á það hvort ekki væri hægt að reisa geysiafkastamikið ylræktarver við Kröflu, þar væri næg hitaorka og reyndar hafði ég bent á þetta

Og hvers vegna?

Þá er hægt að spara allan kostnað við varmaskipta, þá þarf ekki að færa orkugjafann úr gufu yfir í vatn, þarna sparast mikill stofnkostnaður.

Það er einfaldlega hægt að hita upp ylræktarvernið með gufukerfum, slík kerfi voru algeng á upphafstímum miðstöðvarhitunar á Englandi fyrir rúmri öld og gufukerfi hafa verið til margvíslegra nota hérlandis áður fyrr í fisk-



Finnst mér undarlegt að þetta hefur ekki vakið nokkurn áhuga þeirra sem telja sig mesta náttúruverndarmenn

í mínum gömlu pistlum „Lagnafréttum“ í Morgunblaðinu forðum. En þetta vakti enga athygli þar til Björk Guðmundsdóttir, okkar ágæti listaambassadó, kom í Návígi Þórhalls Gunnarssonar og ræddi um orkumálin af mikilli þekkingu.

Og hún benti á hvort ekki væri rétt að breyta um notkun á járngrindahúsunum við Helgufvík og setja þar upp ylræktarver í stað álbræðslu. Og þar með flaug hugmyndin um ylræktarver til allra fjölmiðla og hefur verið talsvert í umræðu síðan.

En eins og við Kröfluvirkjun er hagkvæmast að ylræktarver væri nánast sambyggt orkuverinu.

vinnsluverum og síldarbræðslum. Meira að segja Thor Jensen setti upp gufuketil þegar hann reisti sitt stóra bú að Korpúlfsstöðum, þar var gufan notuð til þvotta og dauðhreinsunar á mjólkurilátum. En þá var gufan ekki ókeyppis, til að hún myndaðist þurfti að brenna kolum og síðar olíu.

En möguleikarnir eru til bæði á Suðurnesjum og við Kröflu. Satt best að segja finnst mér undarlegt að þetta hafi ekki vakið nokkurn áhuga þeirra sem telja sig mesta náttúruverndarmenn, þeir hafa yfirleitt ekki sparað að láta heyra í sér en um þetta hafa þeir þagað þunnu hljóði.

Hneykslið í íslenskum stjórnámum

Hrunið

Hjörtur Hjartarson
sagnfræðingur



en koma sér síðan undan því að axla hana. Mikilvægur þráður raknaði þegar ráðherrar í ríkisstjórninni beittu sér til þess að koma samráðherrum sínum úr hrunstjórninni undan réttvísinni. Málið var persónugert.

Sjálfur forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, kastaði ryki í augu almennings. Hún sló því fram að þeir fjórir fyrrum ráðherrar, sem Alþingi bar að ákveða hvort dregnir yrðu fyrir dóm, hefðu ekki getað komið í veg fyrir hrunið. Kæru-efnin á hendur ráðherrum snerust ekkert um það, eins og forsætisráðherra vissi vel. Ráðherrann lét sér einfaldlega sæma að líta framhjá kæru-efnunum, en taka samt þátt í atkvæðagreiðslunni. – Engin tilviljun réði því að upp úr sauð 4. október.

Vandséð er hvernig núverandi ríkisstjórn

getur áunnið traust á ný. Eins er ófært að leiða Sjálfstæðisflokkinn aftur til valda, hvort sem er með þjóðstjórn eða á annan hátt. Landið þarfnast ríkisstjórnar sem almenn- ingur þorir að treysta og getur borið virðingu fyrir. Stjórnar sem er í aðstöðu til að flytja landsmönnum vondar fréttir og vekja með þeim vonir um leið.

Núverandi meirihluti á Alþingi á að eiga frumkvæði að myndun utanþingsstjórnar og verja slíka stjórn falli. Utanþingsstjórn af því tagi hefði raunar átt að skipa í síðasta lagi daginn eftir útkomu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.



Ekki dugir að skamma almenning og heimta virðingu hans með þjósti.

Í kjölfar hrunsins rak þjóðin ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar af höndum sér. Hrunstjórnina. Ráðherrar úr hrunstjórninni settust aftur í ríkisstjórn í kjölfarið. Það er hneykslið í íslenskum stjórnámum. Þjóðin sem var í losti fyrst eftir hrun er farin að átta sig örlítið. Núverandi ríkisstjórn er uppsuða úr gömlu hrunstjórninni, að viðbætti bitlausri stjórnarandstöðu síðustu ára. Ríkisstjórn sem þannig er til komin hefði þurft að vera hreinskiptnari og ganga ákveðnari til verks er raunin hefur orðið, ekki síst við uppgjör á hruninu. Reyndar er nærtækt að álykta að ríkisstjórnin sé ófær um slíkt uppgjör.

Vantraustið sem ríkir í garð ríkisvaldsins er hættulegt. Við því þarf að bregðast af ábyrgð. Ekki dugir að skamma almenning og heimta virðingu hans með þjósti. Um ástæður vantraustsins má vísa í þingsályktun sem samþykkt var nýlega með öllum 63 atkvæðum á Alþingi.

Þar segir að skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis sé áfellisdomur yfir stjórnvöldum, stjórnámamönnum og stjórnsýslu. Fleira kemur til. Orð og gjörðir þurfa að fylgjast að. Ekki nægir að segjast bera ábyrgð

Óvenju mörg tilboð í gangi

– útsölur næstum allt árið halda lífi í verslunum.

Lánshæfi landsins

– matsfyrirtækjum mislagðar hendur við mat á stöðu þjóðarbúsins.

MARKAÐURINN

fylgir Fréttablaðinu einu sinni í mánuði

Næsta blað kemur út á morgun.

FRÉTTABLAÐIÐ

... allt sem þú þarft



Snemmbúin starfslok geta verið jákvæð fyrir andlega heilsu samkvæmt nýlegri rannsókn sem sagt er frá í lækna-tímaritinu British Medical Journal. Ekki fundust þó sérstök jákvæð áhrif á líkamlega heilsu. Málið virðist flókið því aðrar rannsóknir hafa sýnt fram á öfuga þróun, að snemmbúin starfslok geti haft neikvæð áhrif á almenna heilsu. bbc.co.uk

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447

LAGERSALA
KRISTALL - GLER - POSTULÍN
NÚPALIND 1 - HVERAFOLD 1-3
HAFNARGATA 50
KEFLAVÍK

Patti.is
Landsins mesta úrval af sófasettum



Chesterfield
3ja sæta sófi
199.900 kr



Borðstofustólar - Verð frá 12.900 kr

Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opíð : Mánud. - Föstud. frá 9 til 18 og Laugard. frá 11 til 16

Smart Boutique
Laugavegur 55 Sími 551-1040



100 litir af
leðurhönskum
AÐEINS 2.990 KR.
parið

Opíð mán.-fös. kl. 11-18 • lau. kl. 10-16
Sendum í póströfu um allt land.
Það er aðeins ein alvöru hanskabúð og hún er á Laugaveginum við hliðina á Bónus.

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRI FRÓÐLEIKUR
Meiri Vísir.

vísir.is

ALLT

Dechen Thurman, bróðir leikkonunnar Umu Thurman, kennir í Yoga Shala.



**Samruni hugar,
líkama og sálar**

HEILSA | 3

Dechen Thurman er bæði jógakennari og liðtækur leikari sem hefur farið með hlutverk í þekktum myndum á borð við Zoolander, The Next Best Thing og The Truth About Cats and Dogs, þar sem systir hans Uma lék einmitt eitt aðalhlutverkanna.

Jógamiðstöðinni Yoga Shala mun bætast góður liðsauki í vikunni. Þá mun Dechen nokkur Thurman taka að sér kennslu í nokkra daga en hann er eftirsóttur jógakennari um allan heim og jafnframt bróðir Hollywood-leikkonunnar

Umu Thurman. Fréttablaðið náði tali af Dechen skömmu fyrir komuna til landsins og fékk að forvitnast aðeins um Íslandsheimsóknina.

Nú ertu búsettur í New York og vinsæll jógakennari um allan heim. Hvers vegna ákvaðstu að

leggja leið þín til Íslands? „Ég er hálfisænskur að uppruna en hef í raun aldrei kennt á Norðurlöndunum. Fyrsti lærisveinn minn Pranava (Amiee Tanon) hefur hvatt mig til að gera það og ástríða hennar fyrir jóga og fræðunum varð til þess að

Eirberg

Fjölnota nuddpúði


- Shiatsu nudd
- Infrarauður hiti
- Titringur
- Fjarstýring




Opíð virka daga kl. 9 - 18 og á laugardögum kl. 11 - 16

Verð aðeins 17.950 krónur

Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • www.eirberg.is





Boðið er upp á hálf tíma hugleiðslu-bænastundir í Ástjarnarkirkju í Hafnarfirði í vetur. Þær eru á miðvikudögum klukkan 16.30. Um er að ræða svokallaða Centering prayer bæn. Aðferðin er mjög lík austrænni íhugun en þetta er hin kristna leið til að kyrra hugann. Hún er ekki slökunaræfing en er endurnærandi á sama tíma og fullri árvekni er haldið.

astjarnarkirkja.is

Lærðu að baka hollar og ljúffengar jólakökur



Meistarakokkurinn Sigurrós Pálsdóttir kennir hvernig hægt er að búa til hollar og ljúffengar jólakökur úr lífrænu hráefni. Kynntar verða nýjar uppskriftir ásamt ráðleggingum um innkaup og notkun á heilnæmu hráefni fyrir jólin.

Dagsetning: 2. desember frá kl. 18:00 til 20:00
Staður: Maður lifandi • Borgartúni 24
Skráning: gg@madurlifandi.is

Verð aðeins: kr. 3.900.-

Sigurrós Pálsdóttir
Forstöðumaður veitingasíðs
hjá Maður lifandi



Borgartúni 24 | Hæðasmára 6 | Hafnarborg | Sími: 585 8700
105 Reykjavík | 201 Kópavogi | 220 Hafnarfjörður | www.madurlifandi.is

Hálftíma sjálfsskoðun

Einkabjálfarinn Sölvi Fannar Viðarsson fór nýverið af stað með fyrirlestur sem hann nefnir Á jólahlaðborð með góðri samvisku. Þar fjallar hann meðal annars um mataræði, aðdráttarafi og kynþokka.

Á jólahlaðborð með góðri samvisku heitir nýr fyrirlestur sem einkabjálfarinn Sölvi Fannar Viðarsson heldur í fyrirtækjum fyrir jólin. „Þetta er hluti af fyrirlestraröð sem ég kalla Einfalt en virkar! en fyrirlestrarnir eiga það sameiginlegt að vera stuttir en kraftmiklir og fræðandi. Nýi fyrirlesturinn fjallar um það hvernig við getum notið lífsins betur, orðið kynþokkafyllri, aukið aðdráttarafi okkar, orðið betri elskhugar, aukið sjálfs-traustið og farið á jólahlaðborð með góðri samvisku svo dæmi séu nefnd. Efnið er sett fram á gamansaman hátt með það að markmiði að áhorfandinn nái að drekka í sig boðskapinn en sé ekki að berjast við að halda meðvitund.“

Sölvi segir viðfangsefnin flókin en að það sem fólk læri á námskeiðinu sé hins vegar ekki flókið.

„Eitt af því sem ég tek sérstaklega fyrir er mataræðið en það að nærast er að miklu leyti félagsleg og tilfinningaleg athöfn og þá sérstaklega um hátíðarnar. Ef við hugsum okkur fyrstu kynni okkar af mat snúast þau um að njóta algerrar verndar í faðmi móður á sama tíma og einni af grunnþörfunum er fullnægt. Næring og tilfinningar eru því nátengd fyrirbæri strax frá upphafi og kannski ekki svo skrítíð að fólk leiti huggunar í mat eins og algengt er, svo ekki sé nú talað um alls kyns fíknihæðun.“

Sölvi fléttar inn í fyrirlesturinn alls konar fróðleik sem hann hefur víðað að sér í gegnum árin. „Á hverri sekúndu er til dæmis áætlað að eigi sér stað milljarður aðgerða í líkamanum, sem jafnast á við það að sautján prósent af öllum jarðarþáttum væru að tala saman í einu. Sem betur fer er þetta að mestu ósjálfráð starfsemi. Þetta er hins vegar flókin mynd og



Fyrirlesturinn er hluti af fyrirlestraröð sem Sölvi Fannar kallar Einfalt en virkar!

FRÉTTABLAÐID/GVA

ef við ætlum einhverju að breyta er svo margt sem þarf að taka inn í myndina. Af því er ljóst að mörg ráð sem eru á sveimi eru í besta falli óraunhæf.“

Sölvi segist byggja efni fyrirlestrarins á viðurkenndum rannsóknnum og efni sem hann hefur víðað að sér á löngum starfs-

ferli sem einkabjálfi og framkvæmdastjóri heilsuradgjof.is „Besta hrósið fékk ég um daginn þegar maður hringdi til mín og spurði hvernig ég hefði farið að því að kenna honum svona mikið um sjálfan sig á hálf tíma.“ Nánar á www.heilsuradgjof.is.

vera@frettabladid.is

Oticon | Agil



„Að geta heyrt tónlistina sína aftur eins og hún á að hljóma er lítið kraftaverk - ég heyri aftur söng fuglanna“

Bubbi Morthens

**Pantaðu tíma í
heyrnarmælingu í síma
568 6880
og prófaðu Agil**



Heyrnartækni

Glæsibæ | Álfheimum 74 | 104 Reykjavík | Þjónusta á landsbyggðinni | Sími 568 6880 | www.heyrnartækni.is

Upplifðu nýja hljóðveröld...



**Betri heyrn
Bætt lífsgæði**

...og njóttu þess besta með Agil heyrnartækjum

Áttu í erfiðleikum með að heyra í fjölmenni eða kliši? Finnst þér aðrir tala lágt eða óskýrt? Tekur þú sjaldnar þátt í hópumræðum en áður? Allt þetta getur verið merki þess að heyrn þín sé farin að versna.

Agil eru byltingarkennd ný heyrnartæki sem hjálpa þér að heyra betur með minni áreynslu. Tölvuörflagan í Agil er helmingi öflugri en áður hefur þekkt en tækin eru samt um helmingi minni en hefðbundin heyrnartæki og búa þar að auki yfir þráðlausri tækni.

Ekki láta heyrnarskerðingu halda aftur af þér og verða til þess að þú missir úr í samskiptum við aðra. Upplifðu nýja og betri hljóðveröld með Agil heyrnartækjum.

©2010 Oticon Inc. All Rights Reserved.

Full búð af nýjum vörum. Komdu og líttu á úrvalið!



Teg: K 36984

Litur: rauðir og svartir

Stærðir: 36 - 40

Verð: 18.650.-



Teg: K 37126

Litur: grátt Stærðir: 36 - 40

Verð: 18.650.-

Misty skor
Laugavegi 178

Sími 551 2070.

Opið mán.-fös. 10-18.

Laug. 10-14.

Góð þjónusta - fagleg

ráðgjöf.

www.misty.is

f Vertu vinur f



Dechen og Uma voru alin upp í búddisma en faðir þeirra Robert er prófessor í búddiskum fræðum við Columbia-háskóla.

Framhald af forsiðu

ég ákvað að kenna með henni á Íslandi um helgina, en þar mun Pranava þreyta frumraun sína sem fullgiltur jivamutki-kennari.“

Blaðamaður biður Dechen vinsamlegast um að útskýra hvað jivamutki er. „Það er nútímaleg útgáfa af jóga þróað út frá ash-tanga jóga, sem eru kröftugar stellingar í bland við hefðbundnar æfingar, hugleiðslu og að kirja, og það sem við komum til með að kenna í Yoga Shala, auk vinyasa og hatha, bæði fyrir byrjendur og lengra komna,“ útskýrir hann og getur þess að ávinningurinn af ástundun jivamutki sé margvíslegur. „Það eykur meðal annars liðleika og er talið styrkja vöðvana og draga úr streitu og flestum ber saman um að þessar æfingar séu bæði andlega og líkamlega nær-andi.“

Dechen komst í kynni við jivamukti-jóga fyrir níttján árum og kennir það nú við New York Jivamukti Yoga School. Hann segist hafa verið opinn fyrir andlegum málefnum frá því að hann man eftir sér og það megi að hluta til þakka uppeldinu. Faðir hans, Robert Thurman, varð fyrstur Vesturlandabúa



vígður tíbetstur búddamunkur en hann kennir búddísk fræði við Columbia-háskólann í New York. Dechen og Uma og systkini þeirra voru alin upp í búddisma og dvöldu meðal annars um tíma á Indlandi. Þar hittu þau fyrir frá unga aldri ýmsa lærimeistara í jóga, þar á meðal sjálfan Dalai Lama en að sögn Dechens áttu þau kynni sinn þátt í að dýpka skilning hans á jóga.

Dechen og Pranava koma til landsins á morgun og munu dvelja hér næstu fimm daga. Ekki er annað að heyra en þau hlakki til. „Já, enda er þetta líka í fyrsta sinn sem við komum til landsins,“ segir Dechen spenntur en þau Pranava ætla að nýta tímann vel utan jógaíðkunar til að skoða sig um meðan þau eru stödd á landinu „Við ætlum að fara í Bláa lónið, skella okkur í náttúru-laugar og svo auðvitað skoða hrífandi náttúrufegurð landsins,“ segir hann og Pranava bætir við að menningararfur víkinga heilli líka mikið.

Að Íslandsheimsókninni lokinni liggur leiðin til Katmandú, höfuðborgar Nepals, og þaðan til Finnlands og Rússlands þar sem Pranava hefur verið að kenna.

roald@frettabladi.is

Pranava, Amiee Tanon, hefur stundað jóga um árabil og kennt það um allan heim, meðal annars í Vín, London og Berlín auk New York.



Margir kvíða jóluðum og því stressi sem þeim fylgir.

Tólf spor tilfinninga til gleðilegra jóla

EA-samtökin (Emotions Anonymous) bjóða upp á árlegan fund um jólakvíða á fimmtudaginn.

EA er félagsskapur fólks á öllum aldri, sem kemur saman til að miðla reynslu sinni af tilfinningalegum vandamálum, með von um bata.

Þar lærir fólk nýjar leiðir til að takast á við tilfinningaleg vandamál með hjálp tólf reynsluspora og

finna um leið æðruleysi, innri sátt og frið. Í fréttatilkynningu EA-samtakanna kemur fram að vaxandi hópur fólks berjist við mikinn kvíða fyrir þessi jól. Ástæðurnar séu misjafnar. Sumir hafa misst ástvin, aðrir standa í skilnaði, eiga í fjölskylduvanda, stríða við sjúkdóm eða fátækt.

Fundur EA-samtakanna verður haldinn fimmtudaginn 2. desember klukkan 18 í Kórkjallara Hallgrímskirkju. Gestur fundarins verður séra Birgir Ásgeirsson.

Áætla aldur út frá blóðfrumum

NÝ TÆKNI GÆTI GJÖRBREYTT FERLI GLÆPARANNSÓKNA.

Vísindamenn hafa þróað tækni til að áætla aldur grunaðra út frá blóði sem finnst á vettvangi glæps. Sérfræðingar segja að hægt sé að taka tæknina í notkun nú þegar og að hún geti leitt til mikilvægra ábendinga í glæparannsóknum. Tæknin mælir sérkenni ónæmisfruma, sem kallast T-frumur, í blóði og segja vísindamennirnir að hægt sé að áætla aldur nokkuð nákvæmlega út frá þeim sérkennum. Rannsóknin var gerð af hollensku líffræðingateymi og voru niðurstöðurnar birtar í tímaritinu Current Biology nýlega.

T-frumur gegna lykilhlutverki í að finna innrásaraðila í líkamanum, svo sem bakteríur, vírusa og krabbameinsfrumur. Partur af því ferli er að framleiða sérstakar DNA-sameindir, en framleiðsla þeirra dregst saman með aldrinum eftir ákveðnu mynstri.

Í niðurstöðum hollenska rannsóknarteymisins kemur fram að hægt sé að áætla aldur einstaklinga „með marktækri nákvæmni“ með því að mæla magn sameindanna í blóði.

Heimild: BBC Health



Vísindamenn hafa þróað tækni til að áætla aldur sakborninga út frá blóði.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

✓ *Brasilískt vax*
Verð: 3.900 kr.

✓ *Litun og plokkun*
Verð: 2.900 kr.

✓ *Gel á táneglur með french*
Verð: 4.500 kr.

✓ *Gelneglur ásetning*
Verð: 6.500 kr.

✓ *25 mín. partanudd*
Verð: 3.500 kr.

✓ *Vax alla leið (hné/ læri og nára)*
Verð: 4.900 kr.

Sími: 444-4085 / 662-0485 message@dongfang.is www.dongfang.is

FISKISLÓÐ 75, 101 REYKJAVÍK

OUTLET SKÓR

Herra
Verð
8.900 kr.
St. 41-48

Dömu
Verð
7.900 kr.
St. 36-41

Herra
Verð
7.900 kr.
St. 39-48

Dömu
Verð
3.900 kr.
St. 36-41

Herra
Verð
9.900 kr.
St. 41-46

OPIÐ: MÁN-FÖS 13-18 & LAU 12-16

Kryddsultur, te og sýróp úr urtum

Urta Islandica sem framleiðir matvöru úr íslenskum jurtum er samstarfsverkefni Ólafar Ernu Adamsdóttur og Þóru Þórisdóttur. Þær hafa einnig opnað verslunina Gömlu matarbúðina þar sem ætlinin er að selja vörur frá öllum sem framleiða mat- eða snyrtivörur úr íslenskum jurtum.

Urta Islandica hefur hafið framleiðslu á kryddsultum og íslensku jurtatei í pokum, auk ýmiss konar urta- og berjasýróps. Einnig hafa þær Þóra Þórisdóttir og Ólöf Erna Adamsdóttir, sem standa að Urta Islandica, opnað sérverslunina Gömlu matarbúðina sem mun sérhæfa sig í mat- og snyrtivörum unnum úr íslenska jurtaríkinu.

„Við Ólöf kynntumst á Brautargengisnámskeiði Impru í fyrra,“ segir Þóra. „Ég var þá búin að vera að vinna að þessu í um tvö ár. Ólöf hins vegar var með kryddsultuuppskrift sem hafði verið að þróa árum saman og kom á námskeiðið með viðskiptahugmynd um hana. Ég var meira te-megin og í heilsuvörum og ég stakk upp á því við Ólöfu að við skelltum okkur saman, í stað þess að vera hvor í sínu horni.“

Samstarfið blómstraði og nú hefur Urta Islandica sett á markað tvær kryddsultur, rabarbararögg og bláberja-chilli, alls konar te svo sem aðalbláberjate, detox-blöndu með gulmöðru og boðflennur sem er blanda úr hvönn, njóla og kerfli, jurtum sem taldar hafa verið boðflennur í íslenskri náttúru.

„Svo erum við með mikið úrval af jurtasýrópi,“ segir Þóra. „Sú hugmynd fæddist í framhaldi af teinu. Sýrópið var upphaflega hugsað til að sæta teið en er allt í einu komið í gourmet-deildina því fólk hefur verið að nota þetta út á ís, í eftirrétti, á kökur og til að gljá osta og ég veit ekki hvað og hvað.“ Jurtasýrópið er meðal annars gert úr birki-laufi, rabarbara, hrútaberjalyngi og villiberjum og Þóra segir það hafa komið þeim stöllum gleðilega á óvart hversu mikla hrifningu sýrópið vakti. „Það er gömul aðferð til að varðveita jurtir að geyma þær í sykri,“ segir hún. „Og svo var þessi aðferð líka notuð í gamla daga ef jurtirnar voru bragðvondar, sérstaklega til að koma þeim ofan í börn.“


Þóra og Ólöf létu ekki staðar numið við framleiðslu varanna frá Urta Islandica heldur hafa opnað sérverslunina Gömlu matarbúðina



Þóra og Ólöf í nýju Gömlu matarbúðinni í Hafnarfirði, þar sem eingöngu fást vörur unnar úr íslenskum jurtum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

